



\*Mynd gerð á árinu 1995 af Vilhjálmi Ólafssyni, f. 31.10.1988 :  
Íslenski fáninn í rauðum roða.



# Skundum á Þingvöll ...

málþing um börn, unglinga og lýðræði



Skýrsla um málþing umboðsmanns barna og  
mannréttindahóps ELSA (samtök evrópskra laganema)  
um börn, unglinga og lýðræði haldið á Þingvöllum,  
laugardaginn 29. mars 2003

# Efnisyfirlit

Inngangur: Fyrirlestur umboðsmanns barna um lýðræðislegt uppeldi .....	3
Samstarf umboðsmanns barna og ELSA .....	9
Bréf umboðsmanns barna til sveitarfélaga með 1000 íbúa og fleiri .....	11
Dagskrá málþingsins .....	14
Ávarp Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands .....	16
Fyrirlestrar og helstu niðurstöður hópavinnu .....	17
Erindi frá fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna .....	51
Erindi frá unglingum í Mosfellsbæ .....	53
Þátttakendur á málþinginu .....	57



# Lýðræðislegt uppeldi

Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni Barn og samfélag í Háskólanum á Akureyri, 5. apríl 2003

## I.

Í lok mars árið 2003 stóð embætti mitt, í samstarfi við nokkra áhugasama laganema um mannréttindi, fyrir málþingi á Þingvöllum um börn, unglinga og lýðræði. Á þinginu voru unglingar í meirihluta og stjórnðu þeir m.a. starfi vinnuhópa og kynntu niðurstöður þeirra. Skemmst er frá því að segja að málþingið gekk mjög vel, og unglingarnir stóðu sig aðdáunarlega - eins og þeirra var von og vísa - og margt eftirtektarvert kom fram í niðurstöðum vinnuhópanna, sem ég mun að sjálfsögðu koma á framfæri við sveitarstjórnir landsins, sem og skólana.

Að mínu mati er það aðallega tvennt sem stendur upp úr eftir málþingið, í fyrsta lagi hve börnin stóðu sig vel, og sýndu og sönnuðu að æska landsins er svo sannarlega tilbúin til verka þegar henni er sýnt traust.

Í öðru lagi, sem er ekki eins jákvætt, hve börnin voru föst í þeirri hugsun að þau megi ekki eða eigi ekki hafa skoðun á ákveðnum málefnum, að það séu hinir fullorðnu sem þar ráði einir ferðinni. Þetta hefði ef til vill ekki átt að koma mér á óvart í ljósi könnunar sem ég gerði á starfsháttum nemendaráða grunnskóla á skólaárinu 1995-1996. Meðal þess sem ég spurði þá var, hvort nemendaráðin skiptu sér af sérstökum hagsmunamálum nemenda, s.s. samningu skólareglna, aðbúnaði í kennslustofum, einelti meðal nemanda og skólaakstri. Í flestum tilvikum var þessari spurningu látið ósvarað, sem gefur vísbendingar um að þessi málefni séu nemendum framandi. Í nokkrum tilvikum kom það beinlínis fram að “svona málefni” kæmu nemendaráðum hreint ekki við. Í svörum sagði m.a.: „Okkur er ekki heimilt að skipta okkur af svona málefnum.“ „Við skiptum okkur ekki af hlutum sem okkur koma ekki við.“ „Okkar starfssvið er félagslíf skólans, við fáum ekki að ráða neinu öðru.“ Svipuð viðhorf komu fram á áður nefndu málþingi og veldur það vissulega áhyggjum því það er óneitanlega alvarlegt mál ef börn eru alin upp í þeirri trú að þau eigi ekki rétt á að hafa skoðanir á málum sem snerta þeirra nánasta umhverfi. Á þessu þarf að verða breyting. Ekki síst þarf í þessum efnum að verða viðhorfsbreyting af hálfu fullorðinna í garð barna.



## II.

Síðla árs 1992 var samningurinn um réttindi barnsins, í daglegu tali nefndur Barnasáttmálinn, fullgiltur af Íslands hálfu. Þetta felur í sér að íslensk stjórnvöld eru bundin af þjóðarétti til að fylgja ákvæðum hans, m.a. við setningu laga er varða málefni barna, sem og við lagaframkvæmd hér á landi. Eitt helsta markmið Barnasáttmálans er að börn fái tækifæri til að þroskast þannig að þau verði upplýstir og ábyrgir einstaklingar. Sáttmálinn viðurkennir börn sem manneskjur og innbyrðis jafningja. Hann felur í sér ótvíræða viðurkenningu á því að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi.

Réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum má greina í þrjá meginflokka, sem eru; vernd, umhyggja og þátttaka. Rétt barna til velferðar, þ.e. verndar og umönnunar, má telja óumdeildan, en réttur þeirra til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu er og hefur verið umdeildur. Réttur barna til velferðar er nátengdur grunnþörfum þeirra og auðvelt er fyrir fullorðna að viðurkenna þann rétt. Ef til vill vegna þess að það styrkir það, sem sumir nefna tak, er fullorðnir hafa á börnum, sem velgjörðarmenn þeirra. Barnasáttmálinn kallar hinsvegar á ný viðhorf til barna og stöðu þeirra í samfélaginu, en skv. 12. gr sáttmálans eiga börn sem myndað geta eigin skoðanir rétt á að láta þær í ljós í öllum málum, sem þau varða, og stjórnvöldum ber að taka réttmætt tillit til skoðana barnanna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Ástæða er til að undirstrika, að hér er um rétt barna að ræða en ekki skyldu. Skylda hvílir aftur á móti á stjórnvöldum að tryggja börnum raunveruleg tækifæri til að taka þátt, í lýðræðislegri ákvarðanatöku, á þeirra eigin forsendum. Stjórnvöldum, þ.á m. sveitarstjórnnum og skólayfirvöldum, ber að hlusta á skoðanir barna, og virða þær. Starfshættir stjórnsýslunnar þurfa því að breytast og taka tillit til þessa réttar barna skv. 12. gr. Barnasáttmálans. Réttar, sem nær til allra mála, er varða börn á einn eða annan hátt, s.s. málefni skólans, æskulýðs- og tólmstundamál, forvarnir, skipulag og umhverfismál.

Þetta nýja viðhorf, sem fram kemur í Barnasáttmálanum, fer að vissu leyti í bága við hefðbunda afstöðu fullorðinna til barna. Sú afstaða hefur m.a. einkennst af því að börn eigi að halda sig til hlés og láta lítið fyrir sér fara. Skilaboðin hafa gjarnan verið *að þau eigi ekki að skipta sér af því sem þeim kemur ekki við eða hafa ekki vit á*. Síðan er ætlast til þess að þau hafi fullmótaðar skoðanir á mönnum og málefnum þegar þau ná 18 ára aldri og öðlast kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og Alþingis. Það er staðreynd að mörgum fullorðnum reynist framandi eða jafnvel erfitt að viðurkenna þennan grundvallarrétt barna; rétt til að láta í ljós skoðun sína í öllum málum, sem þau varða, að á þau beri að hlusta og síðast en ekki síst, að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þeirra miðað við aldur þeirra og þroska. Tregða fullorðinna til að viðurkenna og til að tryggja börnum þennan mikilvæga rétt liggur vafalaust að einhverju leyti í ástæðulausum ótta þeirra við að missa hluta eigin réttinda og sömuleiðis ákveðinni vantrú á getu barna. Barnasáttmálinn hafnar viðhorfum sem þessum og því þarf á markvissan hátt að vinna gegn þeim með það að leiðarljósi að börn öðlist viðurkenningu sem borgarar í samfélagi okkar með getu og hæfileika til virkrar þátttöku í lýðræðisstarfi.

### III.

Að vissu leyti má líkja uppvaxtarárum barna við námssamning. Á þessum tíma læra börn og unglingar leikreglur lífsins og spreyta sig á þeim, í öruggri umgjörð, sem fullorðnir hafa búið þeim. Börn hafa ekki kosningarétt og eru samkvæmt því ekki fullgildir þjóðfélagsþegnar, en þrátt fyrir þessa staðreynd eiga börn rétt, sbr. það sem áður er fram komið, til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða málefni þeirra og teknar eru, m.a. af sveitarstjórn eða nefndum, sem hún hefur kosið. Eins og áður segir hvílir sú alþjóðlega skuldbinding á herðum stjórnvalda, ekki síst sveitarstjórna en einnig skólayfirvalda, að leita leiða innan stjórnsýslunnar, sem tryggja börnum rétt til áhrifa á málefni sveitarfélagsins, með skipulögðum hætti.

Mikilvægt er að börnin sjálf komi að þeirri hugmyndavinnu, að finna leiðir til að ná þessu markmiði og eigi samræður við sveitarstjórnarmenn og embættismenn sveitarfélagsins til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þær. Virk þátttaka barna í lýð-

ræðinu er mikilvæg svo þau nái að þroskast sem best, og verði ábyrgir borgarar samfélagsins. Þátttaka barna er ekki síður mikilvæg svo við, sem eldri erum, fáum notið hinnar einstöku sýnar þeirra á nánasta umhverfi sitt. Á 21. öldinni - upplýsingaöld - er það óraunhæft með öllu að ætla börnum að búa í samfélagi án nokkurrar þátttöku eða ábyrgðar alveg þar til þau öðlast “einn góðan veðurdag“ kosningarétt og kjörgengi 18 ára gömul. Slíkt samræmist ekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Við verðum að hætta að líta á börn og unglinga eingöngu sem skjólstaðinga okkar, hinna fullorðnu og líta þess í stað á þau sem liðtæka þjóðfélagsþegna, með réttindi og ábyrgð. Staðreyndin er sú að þau hafa bæði áhuga og vilja til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi, sitt daglega líf. Þau vilja fá að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og að það framlag verði m.a. til þess að breyta þeirri staðalmynd, sem dregin hefur verið upp af þeim, sem „vandamálaunglingnum“, „óalandi og óferjandi“. Börn geta lagt mun meira af mörkum en margur heldur, ef þau einungis fá tækifæri og leiðsögn við hæfi. Það kom glögglega í ljós á margnefndu málþingi á Þingvöllum. Hæfileikinn til að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum lærist smátt og smátt. Þar duga ekki endilega fræðilegar útskýringar heldur þarf fyrst og fremst að kenna það í framkvæmd. Skilningur á lýðræðinu þroskast með því að reyna á eigin skinni hvað í því felst.

#### IV.

Eins og ég minntist á í upphafi, virðast börn á Íslandi ekki gera sér að fullu grein fyrir því að þau eigi lýðræðisleg réttindi, og megi koma skoðunum sínum á framfæri við yfirvöld. Því tel ég afar mikilvægt að við eflum lýðræðislega vitund þeirra og kennum þeim að vera virk í lýðræðislegu samstarfi. Það gerum við best með því að efla og þjálfra hæfileika þeirra til að tjá hugsanir sínar og skoðanir og þar með styrkja þau sem sjálfstæða einstaklinga með eigin réttindi. Jafnframt þarf að efla hæfileika þeirra til að taka ábyrgð á sjálfum sér og nánasta umhverfi. Sýna þeim að réttindum fylgir ábyrgð. Í skólum þarf að leggja meiri áherslu á kennslu í tjáningu, rökræðu, mælskulist, virðingu fyrir skoðunum annarra og sjálfsvirðingu. Réttindi og skyldur barna þarf að ræða, upplýsingaflæði verður að vera gott og ákveðið skipulag þarf að vera á samskiptum stjórnenda skóla og nemenda.

Þrátt fyrir þetta er ég ekki að leggja til að kosningaaldur verði færður neðar heldur, að við hlustum vel á börnin og gefum þeim tækifæri til að viðra skoðanir sínar í samræðum við stjórnálamenn og starfsmenn sveitarfélaga og skóla. Þegar ég segi að við eigum að hlusta á börnin, þá vísa ég til þess að við eigum ekki aðeins að hlusta, heldur að taka mark á því sem þau segja. En til að tekið sé mark á því sem börnin eru að segja, þurfa þau einmitt að geta komið skoðunum sínum á framfæri með skipulegum hætti. Ég tel farsælustu leiðina til að ná þessu markmiði vera þá, að kenna börnum hin almennu lýðræðislegu gildi og samræðulist, strax við upphaf grunnskólagöngu - og jafnvel fyrr.

Hin lýðræðislegu gildi felast í því að allir eru frjálsir til að hafa skoðanir og hafa jafnan rétt til að koma þeim á framfæri, sbr. 73.gr. stjórnarskrárinnar þar sem í upphafi segir: *Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar...*

Þessi ákvæði taka til barna ekki síður en fullorðinna. Því er mikilvægt að kenna börnum að hugsa á gagnrýninn hátt, kenna þeim að tjá sig skilmerkilega og taka þátt í samræðum, og ekki síst að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Efla þarf hæfileika barnanna til að greina og skilja, það sem þau upplifa, og bregðast við því á viðeigandi hátt. Þessi gildi eru ekki síst mikilvæg í dag, þegar ofbeldi og fordómar fara vaxandi og börn hafa sífellt greiðari aðgang að óæskilegum upplýsingum. Því er m.a. haldið fram að:

*börn sem hafa lært munnlega tjáningu grípi síður til ofbeldis, frekar til rökræðu*  
*börn sem hugsa gagnrýnið, þekki og hafni frekar óæskilegum upplýsingum*  
*börn sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, séu umburðarlynd en ekki fordómafull.*

Í raun eigum við að byrja á því að kenna börnum siðfræði og lýðræðislegar leikreglur, og leyfa þeim síðan að þróa sínar eigin formlegu leiðir að ákvarðanatökunni. Virk lýðræðisþátttaka barna er talin felast í eftirfarandi: Að börn séu tekin alvarlega af hinum fullorðnu; fullorðnir hafi ósvikinn áhuga á sjónarmiðum barnanna, börn hafi fengið ítarlegar upplýsingar um hvað málið snýst og til hvers er ætlast af þeim. Þátttakan þarf að vera fólgin í samræðum barna og fullorðinna, sem gefa ráð og leiðbeina börnum. Ákvarðanatakan sjálf kemur með hækkandi aldri og auknum þroska. Gæta verður að hag allra barna í þessu sambandi án tillits til kyns, trúarbragða, tungumáls, fötlunar eða annarra aðstæðna.

Þetta, hið svokallaða beina lýðræði eða þáttökulýðræði, á rætur að rekja til hugmynda heimspekinganna John Stuart Mill og Jean Jaques Rousseau um að virk og viðvarandi þátttaka borgaranna við töku ákvarðana sé nauðsynleg lýðræðinu. Með þessu móti verða einstaklingarnir að ábyrgum og upplýstum samfélagsborgurum. Hugmyndin er, í sem fæstum orðum sú, að þátttakan fái á sig mynd snjóbolta, sem stöðugt hlaði meira utan á sig. Þeim mun meiri sem þátttaka borgaranna er, þeim mun meiri áhuga og þekkingu á samfélaginu fá þeir, sem aftur leiðir til þess að þeir fá áhuga á enn frekari þátttöku. Borgararnir eiga sem sagt að vera í beinu sambandi við leiðtogana og milli þeirra á að þróast samræða. Samræðan leiðir til bestrar útkomu fyrir samfélagið þar sem borgararnir, jafnt og leiðtogarnir, eru vel upplýstir, og taka þátt af fullum krafti í ákvarðanatöku, og bera því ábyrgð. Kosningaþátttaka er ekki endilega besti mælikvarðinn á þátttöku borgaranna, heldur þátttaka þeirra í samræðunni, umfang hennar og söfnun upplýsinga.

## V.

Innan veggja skólans er að finna þann grundvöll sem byggja ber á þegar auka skal þátttöku barna. Þar gefst gott tækifæri, allt frá upphafi skólagöngu, til að þjálfa börn í lýðræðislegum vinnubrögðum. Yngstu börnin geta tekið þátt í því að velja myndir sem hengja skal upp á vegg, eða hvernig borðum og stólum er raðað í skólastofunni. Því eldri sem börnin verða, og þjálfaðri í þeim vinnubrögðum, sem í þáttökulýðræðinu felst geta þau tekið veigameiri ákvarðanir og borið meiri ábyrgð. Eldri nemendur geta tekið þátt í að velja námsefni og ákveða form kennslunnar fyrir veturnum, enda eru þau meðvituð um ábyrgð sína, en 12. gr. Barnasáttmálans byggir á því að skoðanir barna skuli fá aukið vægi eftir því sem aldur og þroski þeirra vex.

Það að taka beinan þátt og hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt, er helsta einkenni þáttökulýðræðisins. Þetta form lýðræðis á einna best við um staðbundin málefni, en fyrir liggur að börn hafa einmitt mestan áhuga á sínu nánasta umhverfi, þ.e. skólanum, leik-

svæðinu, íþrótta- og félagsmiðstöðinni. Börn hafa skoðanir á þessum málum og beinna hagsmuna að gæta þegar teknar eru ákvarðanir innan þessara málaflokka sem og mörgum fleiri, t.d. varðandi skipulag og umhverfismál almennt og forvarnarstarf ýmiss konar. Hvað hefur það í för með sér að veita börnum tækifæri til að hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt? Erlendir sérfræðingar halda því fram að með því móti vaxi þroski einstaklingsins sömuleiðs þekking og hæfileikar hans til mannglegra samskipta. Ekki síst þá styrkist sjálfsmyndin. „Maður er einhvers virði ef skoðanir hans eru metnar að verðleikum, manni finnst hann hafa eitthvað fram að færa. Þetta gefur lífinu meira gildi.“

Staðsetning leikvallarins, lega göngustígsins, litur og gæði rólunnar má nefna sem dæmi um hagsmunamál barna, á sama hátt og umferðarmannvirki fyrir fullorðna. Öll þessi atriði heyra undir valdsvið sveitarstjórnar og nefnda á hennar vegum, því er ábyrgð þeirra mikil. Það er skylda þeirra, í samráði við börnin í sveitarfélaginu, að leita leiða, svo börn geti haft raunveruleg áhrif og að undirbúa börnin, fræða og upplýsa, svo þau geti tekið þátt í ákvörðunum varðandi þeirra daglega líf og velferð, Börn eru mikið á ferðinni, fótgangandi, hjólandi og í bílum, þau eru einstaklega árvökul og sjá margt sem betur mætti fara. Í raun má segja að börn séu sérfræðingar í þessum málefnum, að þau séu auðlind sem bíður eftir að verða nýtt. Til að réttur barna til að tjá skoðanir sínar verði virkur þurfa hinir fullorðna að virða hann. Börn eiga þetta undir fullorðnum. Þau þurfa handleiðslu þeirra.

## VI.

Eins og ég nefndi hér fyrr í erindi mínu þá er afar mikilvægt að börn eigi ákveðið frumkvæði að skipulögðum leiðum til að geta haft áhrif á ákvarðanatöku í málum er þau snerta, innan sveitarfélagsins. Samræður kjörinna sveitarstjórnsmanna og starfsmanna sveitarfélagsins við börnin skipta hér og miklu máli. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að fyrr en seinna verði nauðsynlegt að setja í lög sérstakt ákvæði um rétt barna til þátttöku og áhrifa á sveitarstjórnarstiginu, enda er slíkt í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar þessa efnis, að íslensk lög skuli endurspeglja ákvæði Barnasáttmálans. Ég er í fyrsta lagi þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að setja ákvæði inn í sveitarstjórnarlög um formlegan samráðsvettvang milli barna og sveitarstjórna og í öðru lagi að skerpa þurfi á ákvæðum grunnskólalaga um nemendaráðin og formlegt samráð nemenda og yfirstjórnar skólans. Hvernig samráðinu er síðan nákvæmlega háttað verður að vera samkomulagsatriði milli barnanna og stjórnenda í hverju tilviki, ekki er hægt að benda á eina altæka leið sem nýtist öllum, enda væri það gagnstætt þeim hugmyndum sem þáttökulýðræðið byggir á, að stýra því að ofan hvernig þátttakan ætti að fara fram í smáatriðum.

## VII.

Í bæklingi, sem ég gaf út í október sl., í samstarfi við nokkra laganema sem buðu embættinu krafta sína, eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum, til að tryggja rétt barna samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Lagðar eru til breytingar á grunnskólalögum, sveitarstjórnarlögum, og skipulags- og byggingarlögum. Í þessum sama bæklingi er einnig að finna hugmyndir að leiðum til að tryggja rétt barna til áhrifa. Þar er nefnt sem dæmi að efla nemendaráðin, að setja auk þess á laggirnar barna- og unglingaráð, að svokallaðir „ráðhúsfundir“ verði haldnir árlega og að stofnað verði sérstakt umhverfisráð í hverju sveitarfélagi með vísan til Staðardagskrár 21.



Við þessar hugmyndir get ég bætt hugmynd um *málþing* þar sem börn og unglingar eru ræðumenn, en fyrir svörum sitja stjórnámálemenn; ráðherrar og sveitarstjórnarmenn, og aðrir ráðamenn í sveitarfélaginu. *Ráðstefnu* er einnig hægt að halda um málefni barna þar sem fram fer samræða stjórnámálanna, ráðamanna í sveitarfélaginu, og börnin eru í meirihluta. Þá er að sjálfsögðu unnt að nýta sér nýjustu tölvutækni og vera með *NetÞing*, en slíkt hef ég haldið í tvígang og gefið út skýrslur um framkvæmd þess til upplýsinga og fróðleiks fyrir áhugasama. *Skoðanakannanir* er unnt að leggja fyrir börn til að fá fram sjónarmið þeirra í hinum ýmsu málum, en núna stendur einmitt yfir af hálfu embættis míns tilraunaverkefni sem ég hef nefnt „*Ráðgjafarþekkir umboðsmanns barna*“ – í fyrri könnuninni sem gerð var í lok síðasta árs voru nemendur, á aldrinum 10-12 ára, úr 18 skólum víðsvegar af landinu spurðir um daglegt líf þeirra innan skólans en í þeirri seinni sem lögð var fyrir í byrjun febrúar var spurt um lífið eftir að skóla lýkur.\*

Allt þetta sem ég hef nú nefnt hefur nýst mér vel í starfi mínu, sem opinber talsmaður barna, enda tel ég mikilvægast af öllu að heyra skoðanir umboðenda minna beint og milliliðalaust - svo ég geti sinnt hlutverki mínu í þeirra þágu, þ.e. að bæta hag barna og standa vörð um réttindi þeirra, hagsmuni og þarfir.

Ég ítreka að þetta eru einungis tillögur, sem unnar hafa verið m.a. út frá þeim samskiptum sem ég hef haft við börn í starfi mínu, en engan veginn tilbúnar lausnir sem henta öllum. Hver skóli, og hvert sveitarfélag, þarf í samráði við börnin á staðnum að finna þá lausn sem hentar hverjum og einum.

Ég vil bæta því hér við að sú skoðun er ríkjandi að mikilvægt sé að ákvörðun um aukin áhrif barna sé tekin af sveitarstjórninni sjálfri og um hana náist þverpólitísk sátt. Jafnframt er lögð áhersla á að öllum, sem starfa innan stjórnkerfisins, þarf að vera kunnugt um slíka ákvörðun og hvaða áhrif hún geti haft á starfshætti innan stjórnsýslunnar.

Skyldur sveitarstjórna samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eru ljósar en í íslensku sveitarstjórnarlögunum er hins vegar ekki að finna neitt ákvæði sem mælir fyrir um samráð við þennan stóra hagsmunahóp sveitarfélagsins. Mín skoðun er sú að lögfesting samráðs milli barna og sveitarstjórna ... og skóla sé nauðsynleg - a.m.k. fyrr en seinna, til að tryggja lagalegan grundvöll þessa ótvíræða réttar barna til að hafa áhrif á málefnum sveitarfélagsins sem varða þeirra daglega líf og velferð.

Ákvæði í lögum ná þó aldrei lengra en viðhorf borgaranna. Til að ná raunverulegum árangri í að virkja börn til lýðræðislegrar þátttöku þarf viðhorfsbreytingu hjá fullorðnum. Ef við erum ekki tilbúin til að veita þeim aðgang að ákvarðanatökuferlinu, opna þeim þessar dyr og leyfa þeim að bera hluta ábyrgðarinnar með okkur, munu lagabreytingar skila litlu.

\* Í þessu sambandi vil ég geta þess að þegar á árinu 1995 sendi ég áskorun til allra sveitarfélaga á landinu og hvatti þau til að leita leiða svo börn gætu með skipulegum hætti haft áhrif á ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins í málefnum sem þau varða og réttur þeirra stæði til. Ég hvatti þau til að gerast tilraunasveitarfélög. Þá hef ég einnig komið þeirri tillögu á framfæri til sveitarfélaga að notfæra sér vinabæjarsambönd og kynna sér hvað vinabær þeirra á Norðurlöndum hafa gert til að koma til móts við réttindi barna skv. 12. gr. Barnasáttmálans.

## 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna -Samstarf umboðsmanns barna og ELSA-

12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna  
Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Árið 1995 sendi umboðsmaður barna bréf til allra sveitarfélaga á landinu þar sem vakin var athygli á efni 12. gr. Barnasáttmálans og jafnframt skorað á sveitarfélögin að beita sér fyrir því að börnum og ungmennum yrði gefinn kostur á að hafa með skipulegum hætti bein áhrif á þau málefni sveitarfélagsins, sem virkilega vörðuðu hagsmuni þeirra. Ekki urðu mikil viðbrögð við þessu erindi.

Í 3. gr. Barnasáttmálans, sem er ein grundvallarreglna hans, segir að það, sem barni er fyrir bestu, skuli ávallt hafa forgang þegar yfirvöld taka ákvarðanir er varða börn. Forsenda þess, að yfirvöld geti tekið slíkar ákvarðanir er að börn fái að segja álit sitt, að á þau sé hlustað og skoðanir þeirra virtar í samræmi við aldur og þroska, sbr. 12. gr. sáttmálans. Þetta er grunnurinn að nútímaviðhorfi til barna sem sjálfstæðra einstaklinga með eigin réttindi. Þessi réttur barna er ekki einungis bundinn við persónuleg málefni heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins og þá fyrst og fremst þeirra málefna er varða nánasta umhverfi barnanna og þau þekkja af eigin raun. Sem dæmi má nefna ákvarðanir varðandi skólastarf, tómstundir, forvarnastarf og skipulag nánasta umhverfis, s.s. íbúða- og leiksvæða. Rökin eru þau að ákvarðanir sem þessar beinast að börnunum sjálfum, lífsskilyrðum þeirra og velferð. Því liggur það í hlutarins eðli að til þess að unnt sé að taka slíkar ákvarðanir þurfa yfirvöld að leita eftir skoðunum barnanna sjálfra og taka tillit til þeirra með hliðsjón af aldri barnanna og þroska þeirra.

Ýmsum aðferðum hefur verið beitt af hálfu umboðsmanns barna til að koma efni 12. gr. Barnasáttmálans á framfæri og má nefna sem dæmi *NetÞing - unglingsþing umboðsmanns barna*, sem haldin hafa verið tvisvar sinnum, þ.e. árin 1999-2000 og aftur árið 2001. Ráðstefnur og málþing þar sem börnin eru í aðalhlutverkum, skoðanakannanir meðal barna og unglinga, verkefnið *Ráðgjafarþing umboðsmanns barna* og *Spurning mánaðarins* á heimasíðu embættisins, [www.barn.is](http://www.barn.is). Með því að standa fyrir þessum viðburðum og könnunum, hefur umboðsmaður m.a. viljað sýna fram á hversu nauðsynlegt og gagnlegt það er að fá fram skoðanir og ráðleggingar frá börnum og unglingum.

- ◆ *Sá veit best hvar skóinn kreppir sem er í honum*
- ◆ *5. bekkingar eru sérfræðingar í að vera 5. bekkingar*
- ◆ *Það besta fyrir börn? Því ekki að spyrja þau sjálf?*

Veturinn 1999-2000 leitaði til umboðsmanns barna hópur áhugasamra laganema við Háskóla Íslands, félagar í mannréttindahópi ELSA (European Law Students' Association). Hópurinn sýndi mikinn áhuga á að vinna verkefni í samstarfi við umboðsmann barna. Í sameiningu var komist að þeirri niðurstöðu, að spennandi væri að þeir tækju að sér verkefni sem tengdist 12. gr. Barnasáttmálans, þ.e. rétti barna til að segja skoðun sína og að á þau sé hlustað. Áhersla var lögð á hlutverk sveitarfélaga og skóla í þessu sambandi.

Lagt var upp með þessar spurningar:

- Hefur Ísland gert það sem nauðsynlegt er til að uppfylla skyldur ríkisins samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans?
- Ef svo er ekki, hvað er hægt að gera til að stuðla að því að ákvæðið verði virkt í reynd?
- Hvernig getum við aukið þátttöku barna við ákvarðanatökur á sveitastjórnarstigi og innan skólakerfisins?

Markmið verkefnisins var:

- Kalla menn til ábyrgðar á þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með því að fullgilda Barnasáttmálann árið 1992.

Framkvæmd verkefnisins var í höndum ELSA-hópsins, en umboðsmaður barna hafði yfirumsjón með verkefninu, ásamt því að veita ráð og leiðbeiningar.

Fyrsta hluta verkefnisins var lokið með útgáfu á bæklingnum: *Þau sem erfa munu landið... ná ekki eyrum okkar.*

Annar hluti verkefnisins var málþingið *Skundum á Þingvöllum... málþing um börn, unglinga og lýðræði*, sem haldið var í Valhöll á Þingvöllum, 29. mars 2003.



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík, 31. janúar 2003

### ***Efni: Þátttaka barna og unglinga í samræmi við 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna***

#### I

Árið 1995 sendi ég bréf til allra sveitarfélaga á landinu þar sem ég vakti athygli á efni 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, í daglegu tali nefndur Barnasáttmálinn. Þá skoraði ég jafnframt á sveitarfélögin að beita sér fyrir því að börnum og ungmennum yrði gefinn kostur á að hafa með skipulegum hætti bein áhrif á þau málefni sveitarfélagsins, sem virkilega vörðuðu hagsmunum þeirra. Ekki urðu mikil viðbrögð við þessu erindi.

#### ***12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna***

**Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.**

Í 3. gr. Barnasáttmálans, sem er ein grundvallarreglna hans, segir að það, sem barni er fyrir bestu, skuli ávallt hafa forgang þegar yfirvöld taka ákvarðanir er varða börn. Forsenda þess, að yfirvöld geti tekið slíkar ákvarðanir, er að börn fái að segja álit sitt, að á þau sé hlustað og skoðanir þeirra virtar í samræmi við aldur og þroska, sbr. 12. gr. sáttmálans. Þetta er grunnurinn að nútímaviðhorfi til barna sem sjálfstæðra einstaklinga með eigin réttindi. Þessi réttur barna er ekki einungis bundinn við persónuleg málefni *heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins* og þá fyrst og fremst þeirra málefna er varða nánasta umhverfi barnanna og þau þekkja af eigin raun. Sem dæmi má nefna ákvarðanir varðandi skólastarf, tómstundir, forvarnastarf og skipulag nánasta umhverfis, s.s. íbúða- og leiksvæða. Rökin eru þau að ákvarðanir sem þessar beinast að börnunum sjálfum, lífsskilyrðum þeirra og velferð. Því liggur það í hlutarins eðli að til þess að unnt sé að taka slíkar ákvarðanir þurfa yfirvöld að leita eftir skoðunum barnanna sjálfra og taka tillit til þeirra með hliðsjón af aldri barnanna og þroska þeirra.

#### II

Ég hef, sem umboðsmaður barna, beitt ýmsum aðferðum til að koma efni 12. gr. Barnasáttmálans á framfæri og má nefna sem dæmi *NetÞing - unglingsþing umboðsmanns barna*, sem haldin hafa verið tvisvar sinnum, þ.e. árin 1999-2000 og aftur árið

2001. *Ráðstefnur og málþing* þar sem börnin eru í aðalhlutverkum, skoðanakannanir meðal barna og unglunga og *Spurning mánaðarins* á heimasíðu embættisins, www.barn.is. Nú í vetur hef ég tekið upp samstarf við grunnskólanemendur í 5.-7. bekk í 18 skólum, vítt og breitt um landið. Verkefnið kalla ég *Ráðgjafarbekki umboðsmanns barna*, og felst það í því að ég legg spurningar fyrir börnin þar sem þau fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Með því að standa fyrir þessum viðburðum og könnunum, hef ég m.a. leitast við að sýna fram á hversu nauðsynlegt og gagnlegt það er að fá fram skoðanir og ráðleggingar frá börnum og unglungum. Þau eru auðvitað sérfræðingarnir.

### III

Veturinn 1999-2000 leitaði til mín hópur áhugasamra laganema við Háskóla Íslands, félagar í mannréttindahóp ELSA (European Law Students' Association). Hópurinn sýndi því mikinn áhuga að fá að vinna að verkefni í samstarfi við embætti umboðsmanns barna. Í sameiningu var komist að þeirri niðurstöðu, að spennandi væri að þau tækju að sér verkefni sem tengdist 12. gr. Barnasáttmálans, þ.e. ***rétti barna til að segja sína skoðun og rétti til að á þau sé hlustað***. Áhersla yrði lögð á hlutverk sveitarfélaga og skóla í þessu sambandi.

#### **Lagt var upp með þessar spurningar:**

- Hefur Ísland gert það sem nauðsynlegt er til að uppfylla skyldur ríkisins samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans?
- Ef svo er ekki, hvað er hægt að gera til að stuðla að því að ákvæðið verði virkt í reynd?
- Hvernig getum við aukið þátttöku barna við ákvarðanatöku á sveitastjórnarstigi og innan skólakerfisins?

#### **Markmið verkefnisins er:**

- Kalla menn til ábyrgðar á þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með því að fullgilda Barnasáttmálann árið 1992.

Fyrsta hluta samstarfsverkefnis umboðsmanns barna og ELSA lauk haustið 2002, með útgáfu bæklinga, sem ber yfirskriftina *Þau sem erfa munu landið ...ná ekki eyrum okkar!* Í bæklingnum er fjallað um lýðræði fyrir alla og jafnframt bent á leiðir til að tryggja rétt barna til áhrifa, ásamt því að lagðar eru fram tillögur að lagabreytingum. Nokkur eintök af bæklingnum fylgja hér með, og vil ég hvetja til þess að efni hans verði kynnt sveitarstjórnarmönnum, sem og öðrum þeim, er koma að málefnum barna hjá sveitarfélaginu. Fleiri eintök má nálgast með því að senda póst á netfangið ub@barn.is eða í síma 552 8999.

#### IV

Þar eð samstarf mitt við laganema í mannréttindahópi ELSA hefur gengið mjög vel, var ákveðið að framhald yrði þar á með nýjum hóp á yfirstandandi skólaári, veturinn 2002-2003. Að þessu sinni felst samstarfið í skipulagningu og framkvæmd málþings, þar sem m.a. er ætlunin að kynna hinar ýmsu leiðir, sem færar eru til að stuðla að lýðræðisþátttöku barna og unglunga, innan sveitarfélaga, sem og skóla. Fundurinn verður haldinn **29. mars nk. í Valhöll á Þingvöllum** og stendur til að fá 8 áhugasöm sveitarfélög til samstarfs. Meirihluti fundarmanna verða börn og unglingar.

Á næstu dögum mun mannréttindahópur ELSA hafa samband við Garðabæ með tölvupósti, til að kanna áhuga á samstarfi í tengslum við undirbúning og þátttöku á málþinginu.

Nánari upplýsingar eru fúslega veittar á skrifstofu minni. Netfangið er [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is) og símanúmerið 552 8999.

Virðingarfyllst

Þórhildur Líndal (sign)



## Skundum á Þingvöll ... málþing um börn, unglinga og lýðræði

*Málþing umboðsmanns barna og mannréttindahóps ELSA  
(European Law Students' Association),  
haldið 29. mars 2003 kl. 10.00 - 16.30 í Valhöll, Þingvöllum.  
Málþingsstjóri: Eva María Jónsdóttir, dagskrárgerðarmaður*

10.00 - 10.20

☺ *Komið á Þingvöll, morgunverður*

10.20 - 10.30

☺ *Ávarp Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands*

10.30 - 12.00

☺ *Níu kynningarerindi varðandi 12. gr. Barnasáttmálans og framkvæmd ákvæðisins hér á landi*

*- Börn og lýðræði -*

*Guðrún Snorradóttir, fyrirliði barnastarfs í félagsmiðstöðinni Miðbergi*

*- Ungmennalýðræði virkar víst! -*

*Óskar Dýrmundur Ólafsson, formaður Samfés*

*- Reynslusaga -*

*Unglingar úr Reykjavíkurráði greina frá reynslu sinni*

*- Er hlustað á börnin? -*

*Stefán Gíslason, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21*

*- Sköpun félagsauðs - mikilvægt framtíðarverkefni -*

*Helga Gunnarsdóttir, sviðstjóri menningar- og fræðsluviðs Akranesbæjar*

*- Starfsreglur nemendaráða -*

*Mannréttindahópur ELSA 2002-2003*

*- Reynslusaga -*

*Unglingar frá Mosfellsbæ greina frá reynslu sinni*

*- Hlutverk nemendaráða -*

*Helgi Grímsson, skólastjóri Laugarnesskóla*

*- Mannréttindi og lýðræði í skólum -*

*Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi í Reykjavík*

12.00 - 13.00

☺ *Hádegisverður og skemmtiatriði*

13.00 - 14.30

☺ *Málstofur - vinnuhópar*

*Hópur 1: Guðrún Snorradóttir, fyrirliði barnastarfs í félagsmiðst. Miðbergi*

*Hópur 2: Óskar Dýrmundur Ólafsson, formaður Samfés*

*Hópur 3: Stefán Gíslason, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21*

*Hópur 4: Helga Gunnarsdóttir, sviðstj. menn.- og fræðslusv. Akraness*

*Hópur 5: Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi í Reykjavík*

*Hópur 6: Helgi Grímsson, skólastjóri Laugarnesskóla*

*Hópur 7: Mannréttindahópur. ELSA 2002-2003*

14.30 - 15.15

☺ *Gönguferð um þjóðgarðinn*

15.30 - 16.15

☺ *Síðdegishressing - niðurstöður vinnuhópa kynntar*

16.15

☺ *Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal slítur málþinginu*

16.30

☺ *Brottför frá Þingvöllum*





## Ávarp Vigdísar Finnbogadóttur við setningu málþingsins – útdráttur:

Stjórnámálmennta tala of lítið við börn að mati Vigdísar Finnbogadóttur og telur hún þá mynd sem börn fá af umheiminum vera of mikla glansmynd, sem sé óraunsæ. Þá sagði hún ekki hægt að kenna lýðræði af bókum heldur þurfi þátttöku. Gefa þurfi börnunum tækifæri til að vinna með lýðræðið og kynnst því í gegnum verkefnavinnu. Þannig séu börnin og unga fólk í tengslum við raunveruleikann sem er annar en glansmyndirnar gefa til kynna.



Vigdís lagði áherslu á að búa þurfi til verkefni í skólunum þar sem allir séu jafnir og kennarinn vinni með nemendum og gæti þess að allir séu með, líka þeir sem eru feimnir og óframfærnir. Verkefni kennarans verði þá að virkja hvern einasta nemanda. Hugmynd Vigdísar er að sett verði á stofn þing í skólunum um hin ýmsu mál, þar sem allir hefðu rétt á að taka til máls. Nemendur bæru allir ábyrgð á verkefninu og myndi þetta vera æfing í lýðræðinu og þeirri hugsun að allir eigi rétt á að lifa. Verkefni af þessu tagi myndi m.a. geta virkað sem kennsla í því að venja samfélagið af árásgirni, hún hverfi með því að börnin læri að takast á við mismunandi sjónarmið með umræðum. Þau læri að taka tillit til allra í hópnum, að allir eigi sama rétt.



Í erindi sínu benti Vigdís meðal annars á það sem mögulegt verkefni að börnin kónnuðu kjör aldraðra. Þetta gætu þau gert á ýmsan hátt, m.a. með heimsókn-um á stofnanir, með viðtölum við afa og ömmu og með því að fá eldra fólk í heimsókn í skólann. „Það eru margir eldri borgarar á góðum járnum og vilja gláðir taka þátt í svona verkefni“ sagði Vigdís og benti á að slík verkefni ykju skilning á milli kynslóða.

# Hópur 1

Guðrún Snorradóttir fyrirliði barnastarfs í Miðbergi:

„Börn og lýðræði“

„Guðrún mun í erindi sínu fjalla um BA ritgerð sem ber heitið „Börn og lýðræði“. Ritgerðin var lokaverkefni hennar í Háskóla Málmevjar vorið 2000. Gerður verður greinarmunur á lýðræðislegum vinnubrögðum með börnum í Svíþjóð jafnt og á Íslandi. Hún mun greina frá nokkrum leiðum til að vinna með yngri börnunum á lýðræðislegan máta. Einnig fjallar hún um frístundarheimilin í Breiðholti sem áttu upptök sín sem tilraunaverkefni en hafa nú þróast út í það að vera fastur hluti af starfsemi Miðbergs. Hún mun segja frá því hvernig þau hafa leitast við að nota lýðræðisleg vinnubrögð sem leiðarljós í starfi með börnum.“



# Barnalýðræði

Erindi í Valhöll 29.03.03  
Guðrún Snorradóttir  
Verkefnastjóri barnastarfs í Miðbergi

## Börn og lýðræði



### BA-ritgerð um lýðræði í grunnskólanum

- Markmið: bera saman lýðræðisleg vinnubrögð í grunnskóla í Reykjavík við grunnskóla í Málmey
- Fyrri hluti: bakgrunnur kannaður
- Seinni hluti: óformleg könnun - viðtöl
- Eigindleg nálgun: einkennist af opnum viðtölum við bæði hópa og einstaklinga



### Þátttakendur

- Tveir sambærilegir skólar
- Níu ára börn
- Fullorðnir í umhverfi þeirra
  - Skólastjórnendur
  - Kennarar
  - Starfsmenn heilsdagsskóla



### Dæmi um spurningar

#### Fullorðnir

- Hvaða möguleika hafa nemendur til áhrifa innan skólans?
- Að hve miklu leyti finnst þér að börn eiga að fá að taka þátt í ákvörðunum er þau varða?

#### Börn

- Að hve miklu leyti færðu að ráða námsefni þínu, námsaðferðum og heimanámi?
- Er nemendaráð í skólanum?

### Niðurstöður á Íslandi- fullorðnir

- Vöntun á efni um lýðræði í kennaranámi
- Tregða foreldra - of mikil ábyrgð?
- Börnin ekki nógu þroskuð til að taka afgerandi ákvarðanir
- Skoðanakannanir notaðar sem mælitæki á vilja/áhuga nemenda
- Áhugaleysi nemenda? Áhugi á félagslífi?
- Kennarar hræddir við að "missa tökin"



## Niðurstöður á Íslandi-börn

- Ómeðvituð um rétt sinn
- Áhugaleysi ríkjandi
- Dæmi um tillögur barnanna:
  - frjálst sætaval
  - óskir um valmöguleika í lausn verkefna
  - aukin tölvunotkun
  - tíðari bekkjarkvöld
  - fleiri leikstundir



## Niðurstöður í Svíþjóð- fullorðnir

- Efni tiltækt varðandi nemendalýðræði
- Markmiðið er að börnin eiga að þjálfast í leikreglum hins lýðræðislega samfélags
- Tillögur barnanna eru mikils metnar



## Niðurstöður Svíþjóð-börn

- Álitu það sjálfsagðan rétt að taka þátt í ákvörðunum t.d. gerð bekkjarreglna, val námsefnis og kennsluáferðum
- Bekkjarráð var starfrækt í samvinnu við nemendaráð skólans
- Dæmi um tillögur barnanna:
  - óskir um skemmtilegra lestarafni á bókasafnið



## Helstu lokaniðurstöður

- Sambærilegar niðurstöður í báðum skólum varðandi nemendaáhrif
- Munur á löndum/skólum er mikill:
  - varðandi lög, reglugerðir og samþykktir
  - í lýðræðislegri virkni nemenda í skóla og/eða frítíma



## Frístundaheimilin í Breiðholti

- Árið 2000:
- Tilraunaverkefni í fjórum grunnskólum Breiðholts til tveggja ára
- Árið 2002:
- Borgarráð samþykkir að ÍTR taki við heilsdagsskólanum af fræðslumiðstöð
- Árið 2004:
- Innleiðingu frístundaheimilanna í Reykjavík lokið



## Lýðræði að leiðarljósi

- Áhrif barna miðast við aldur þeirra og þroska
- Ábyrgð og frelsi
- Skyldur og réttindi
- Virk börn → ánægðari börn → ánægðari foreldrar → ánægðara starfsfólk! ☺
- Gagnkvæm virðing milli starfsfólks og barna



## Unnið með lýðræði

- Hringsamtal
- Lýðræðislegt val
- Virk hlustun
- Umhverfi og reglur

## Ávinningur

Skoðanakannanir framkvæmdar í lok skólaárs 2001 og 2002

- Vaxandi ánægja:
  - foreldra (úr 94% í 95%) Mjög/frekar ánægðir
  - með upplýsingastreymi (úr 55% í 87%)
  - með dagskrá frístundar (úr 89% í 97%)
- Virkari börn og starfsmenn
- Aukin virðing og ábyrgð
- Aukinn skilningur á þörf aga og reglna



## Nánari upplýsingar

Guðrún Snorradóttir  
Verkefnastjóri barnastarfs í  
Miðbergi  
sími: 557-3550  
[gudrunsn@itr.is](mailto:gudrunsn@itr.is)



## Spurningar fyrir vinnuhóp

Hvaða námsefni myndi stuðla að aukinni lýðræðislegri meðvitund hjá börnum? Hvað viljum við sjá þau læra fyrir utan hið hefðbundna nám?

Hvað í viðhorfi fullorðinna þarf að breytast til að börn njóti þeirra réttinda sem 12. greinin segir frá?

3. Eru einhverjar aðferðir/leiðir sem hæfa betur yngri börnunum (6-12 ára) þegar kemur að lýðræðislegum vinnubrögðum?



## Hópur 1

### *Helstu niðurstöður:*

**1. Hvaða námsefni myndi stuðla að aukinni lýðræðislegri meðvitund hjá börnunum? Hvað viljum við sjá þau læra fyrir utan hið hefðbundna nám? Hvernig hefðum við viljað sjá hlutina öðruvísi?**

#### *Dæmi um námsefni/öðruvísu kennsluhætti:*

- Verklegt, ekki bara sitja inni í skólastofunni. Fara meira úti samfélagið, taka þátt!!
- Vettvangsskoðanir, fá fræðslu frá þeim sem að vinna úti á vettvangnum (t.d. sjómenn, leikarar).
- Hætta að hafa tvo bóklega tíma saman í sama faginu – erfitt að einbeita sér lengi að sama efninu.
- Nýta lífsleiknitímanna, hætta að nota lífsleiknina sem aukatíma í stærðfræði eða eitt-hvað annað í þeim dúr. Kennararnir okkar þurfa að fá betra efni.
- Bjóða eldra fólki inni skólastofuna, læra af þeim eldri.
- Hafa málfundi, skiptast á að vera fundarstjóri/ritari og halda ræðurnar.
- Hafa meiri tíma til þess að ræða hlutina t.d. það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu (stríðið í Írak).

#### *Hafa meiri áhrif á umhverfið:*

- \*Hugmyndir
- raða borðunum öðruvísi, hengja upp myndlist/störf nemenda, hafa samveruhorn.
- hver bekkur hafi sína heimastofu.
- meiri birta, fleiri gluggar
- bæta aðstöðuna í frímínútunum t.d. hafa sófa, hafa þægilegri stóla.

#### *Kennararnir mættu vera minni einræðisherrar:*

- \*Hugmyndir
- Kennarar spytji nemendur hvað þeim finnist!
- Væri tekið meira mark ef það væri bekkjarráð sem að væri mótvægi við ákvarðanir kennarans.
- gera hlutina saman, ekki bara eftir því hvernig kennarinn vill hafa það.
- minni bekkir, það er of lítið rými fyrir hvern einstakling – þeir fá minni athygli. Með færri nemendum í bekk væri hægt að sinna betur þörfum hvers og eins t.d. í sambandi við persónulega áætlun fyrir hvern.

#### *Skólastjórar þurfa að vera aðgengilegri:*

- \*Hugmyndir
- Skólastjórar gætu haft vikulegan tíma þar sem að hann opnar skrifstofuna fyrir börnunum og hlustar á þeirra óskir, þarfir og hugmyndir.
- Skólastjórinn gæti verið sýnilegri, tekið meira þátt í skólastarfinu.

**2. Hvað í viðhorfi fullorðinna þarf að breytast til að börn njóti þeirra réttinda sem 12. greinin segir frá?**

- Fullorðnir þurfa að byrja að HLUSTA á okkur – við erum oft með frábærar hugmyndir og sjáum hluti sem að fullorðnir sjá ekki.

- Við viljum að fullorðnir standi við það sem að þeir segja við okkur (t.d. ef þeir segjast ætla að mæta á nemendaráðsfund þá eiga þeir að standa við það)
- Það vantar traust fullorðinna til nemenda. Nemendur geta framkvæmt flest allt sjálfir.
- Fullorðinir þurfa að vera opnari fyrir kunnáttu nemenda t.d. er nemendur oft með meiri kunnáttu þegar kemur að tölvum.
- Hætta að láta það bitna á næstu árgöngum ef einn bekkur klúðrar einhverju eins og t.d. skíðaferð.
- Fullorðnir þurfa að átta sig á því að við eigum rétt á því að hafa áhrif á skólastarfið okkar.
- Við viljum að þeir taki mark á skoðunum okkar t.d. ef við erum ósátt við það hvernig kennararnir koma fram við okkur.
- Við viljum fá svör við beiðnum okkar t.d. ef okkur er neitað um óskir okkar þá viljum við fá rökstudd svör.

### **3. Eru einhverjar aðferðir/leiðir sem hæfa betur yngri börnunum (6-12 ára) þegar kemur að lýðræðislegum vinnubrögðum?**

- Ekki tala við þau sem algjör smábörn
- Koma fram við þau af virðingu, ekki tala niður til þeirra.
- Aðferðir líkt og umræður er hægt að nota með yngstu börnunum.
- Kennslan í lýðræðislegri umræðu ætti að vera með fókussinn á þeirra nánasta umhverfi. Og þetta svæði stækkar með árunum og þroska.
- Nýta þeirra nánasta umhverfi til að skreyta með verkum þeirra.



## Hópur 2

Óskar Dýrmundur Ólafsson, formaður Samfés:

### Ungmennalýðræði virkar víst!

„Erindið fjallar um vinnu er farið hefur fram síðastliðin 5 ár er miðar að því að styðja ungmenni. Ungmennalýðræði virkar víst! Sagt frá möguleikum sem reykvísk ungmenni hafa haft til áhrifa síðastliðin 5 ár og miða að því að styðja ungmenni 13 - 18 ára til áhrifa. Skoðað verður hvernig ungmennaráð Grafarvogs varð til uppúr verkefni um íbúalýðræði innan tilraunasveitarfélags verkefnis um Miðgarð, hvernig ungmennaráðum hefur fjölgað með stuðningi ÍTR og félagsmiðstöðva í Reykjavík og tilurð Reykjavíkurráðs ungmenna. Í samhengi við þessa umfjöllun verður fjallað um samskipti þessarra ráða við borgaryfirvöld og hvaða árangri hefur verið náð. Í lokin verður sagt frá framtíðarmöguleikum á landsvísu sem og á alþjóða vettvangi.“





## Umboð til athafna

## Ungmennalýðræði gengur víst!

Ungmennalýðræði í Reykjavík  
síðastliðin 5 ár

Fyrirlesari: Óskar Dýrmondur Ólafsson, formaður Samfés

- Pétur fer í strætó!
  - Umhverfiskenning
  - Urie Bronfenbrenner
- Lagasetning tekur mið af rétti einstaklingsins
  - Upplýsinga- og stjórnsýslulög
- Breytt viðhorf í samfélaginu.
  - Umboðsmaður barna



## Forsaga

- Nemendaráð skólanna
- Unglingaráð félagsmiðstöðva
- Borgarafundur ungmenna
- Alþingi ungmenna
- Barnasáttmálinn



## Miðgarður

- Tilraun með:
  - Samræmda þjónustu
  - Samstarf við ríkisstofnanir
  - Íbúalýðræði
- Þverfagleg fjölskylduþjónusta
- Hverfisnefnd-Grafarvogsráð
- Ungmennaráð Grafarvogs



## Ungmennaráð Grafarvogs

- Grafarvogsráðið of stórt
- Á eigin forsendum-Hópur frekar en fulltrúar
- 2 fulltrúar úr hverjum skóla
- Fundir mánaðarlega
  - Fræðsla og vettvangsferðir
  - Tillögur
- Lokatakmark-Hverfisnefnd Grafarvogs
- Óvæntur bónus-Tillögurnar fluttar í borgarstjórn

## Hverjar voru tillögurnar?

- Lækkun gjalda fyrir 18 ára og yngri vegna heilsugæslu og almenningsgangna
  - Neitun frá strætó-Heilsugæslan svaraði ekki
- Fleiri ruslatunnur í Engjahverfi
  - Ruslatunnum fjölgað
- Jákvæða umfjöllun um unglunga í fjölmiðlum
  - Morgunblaðið, Uppeldi og Rás 2
- Bættu aðstöðu fyrir einhverf börn í og betri félagsaðstöðu fyrir unglunga í Hamraskóla
  - Í vinnslu nú.

## Þróunin

- Ungmennaráð Grafarvogs
- Ungmennaráð Breiðholts
- Umfjöllun í Uppeldi
  - Borgarstjóri: “Það verða allir að sækja sinn rétt.”



## Fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðsins

- Tillögur 27. Mars 2003.
  - Auka undirbúning fyrir framhaldsnám innan grunnskóla
  - Reisa miðstöð fyrir fjölbreytt val tólstunda fyrir unglina
  - Kennsla tákna máls verði skylda í grunnskólum
  - Taka upp SMS tilkynningakerfi til að kynna forföll kennara
  - Fjölga strætóferðum á Kjalarnes og Ártún
  - Að vekja máls á öðru vísi málum í skólum
  - Tískumiðstöð í Reykjavík
  - Aðreir frá Streng yfir á Höfðabakka
  - Mótorcrossbraut í Reykjavík
  - Tryggja opin útivistarsvæði í Grafarvogi
  - Bætt umgengni og fleiri ruslafötur
  - Sameina ÍTR og ÍBR-Lægri félagsgjöld í íþróttir
  - Lögð verði niður kristinfræði og í stað þess kennd siðfræði og trúarbragðafræði
  - Aukin kynfræðsla og betra framboð á getnaðarvörnum
  - Betri stóla og borð í skólum

## Hver geta verið næstu skref?

- Landsþing ungmenna þann 5. Apríl
- Ungmennanþing Evrópuráðsins og Evrópusambands (white paper)
- Ungt fólk hjá sameinuðu þjóðunum
- Má bæta lýðræðislegt val í nemendaráð (hvernig)?
- Er það góð verkaskipting að skólarnir styðji nemendaráðin og félagmiðstöðvarnar ungmennaráðin?
- Á að stofna ungmennaráð Íslands (hver ætti að styðja það)?
- Er hægt að nota skipulag Reykjavíkurráðs sem fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög?



## Hópur 2

### Helstu niðurstöður:

- Hafa á kosningar í nemendaráð leynilegar.
- Kenna þarf nemendum frá og með 1. bekk tjáningu og virkt þátttökulýðræði.
- Það vantar nemendaráð fram að 8. bekk.
- Nemendur eiga að hafa full völd yfir nemendaráðunum
- Kenna þarf kennurum betur lífsleikni
- Nemendaráð veiti skólastarfi aðhald
- Í smærri sveitafélögum þarf ekki ungmennaráð, nemendaráð geta nægt.
- Ungmennaráð geta verið beinlínis á ábyrgð sveitastjórna-Verið sveitarstjórn ungmenna.

Umræðan almennt í hópnum, skoðanir hvers og eins:

Hér var lagt upp með spurninguna; *Má bæta lýðræðislegt val í nemendaráð?*

- Það má bæta lýðræðislegt val í nemendaráð almennt séð.
- Hafa á kosningar leynilegar
- Þora allir að bjóða sig fram?
- Talað um mismunandi aðferðir við að velja í nemendaráð. Sumsstaðar handvalið af kennurum og skólastjórnendum, heilu vinahóparnir myndi klíku um setu og 10. bekkur stjórn miklu.
- Ef að viðkomandi þorir ekki þá á hann ekki erindi í nemendaráð.
- Hafa má fleiri ráð sem starfi nákvæmar eftir áhugasviðum þannig að nemendaráð geti einbeitt sér að hagsmunum nemenda. Til dæmis skemmtinefnd fyrir böll, íþróttanefnd fyrir íþróttaupþakomur, osfrv.
- Það á að kenna nemendum að þora, tjá sig og taka ábyrgð.
- Ef kennarinn velur, þá eru krakkarnir á hans vegum, ekki á vegum nemenda.
- Styrkja þarf þátttökulýðræðið frekar en að leggja það niður.
- Erlendis má finna aðferðir við að kenna hvernig eigi að leysa vandamál með því að ræða saman.
- Fulltrúalýðræðið byggir á þátttökulýðræðinu, því mikilvægt að stutt sé við þátttökulýðræði.
- Sums staðar velja skólastjórnendur aðra en nemendaráð til að fara sem fulltrúar nemenda á fundi eins og fundinn á Þingvöllum.
- Það vantar nemendaráð fram að 8. bekk
- Lýðræðiskennsla í lífsleikni væri til bóta. Sumsstaðar vantar lífleikni en í staðinn er einungis kennd þjóðfélagsfræði.
- Nálgun lýðræðis er virkt í leikskóla en dettur niður þegar börn byrja í grunnskóla.
- Lífleikninám getur snúist um allt annað en að læra ofangreint. Það er slæmt!
- Má tjá sig öðru vísi en með því að tala?
- Kjósa má fyrst lýðræðislega í bekkjarráð svo í nemendaráð. Byrja smátt og stækka svo.
- Kenna þarf kennurum betur að kenna lífsleikni. Lífsleikni víkur oft.

- Það vantar námsgögn vegna lífsleikni.
- Feimni getur verið vandamál sem hægt er að leysa úr með til dæmis tjáningu.
- Raunveruleikurinn er leikur sem leika má í tölvu. Hann líkir eftir lífinu þar sem hægt er að takast á við vandamál sem upp koma.
- Halda á ungmennafing allsstaðar á landinu.
- Afhverju er kristilegt siðgæði svona mikilvægt umfram önnur trúabrögð?

Næst var fjallað um spurninguna; *Er það góð verkaskipting að félagsmiðstöðvar sjái um ungmennaráð og skólarnir um nemendaráðin?*

- Nemendur eiga eingöngu að ráða nemendaráðum. Þar á að taka til dæmis upp óánægju vegna ófullnægjandi lífleiknisnáms
- Verkaskiptingin er bara útfærsluatriði, er gott mál. Þetta er hvort sem er hjá sama sveitarfélagi.
- Margt er loðið við skilgreiningu nemendaráðanna í verki. Vísa þarf í lög og reglur um þau.
- Misjafnt hvernig staðið er að þessum málum milli skóla. Sumsstaðar þarf ekki samnefnara fyrir ungmennaráð í smæstu sveitafélögum, nemendaráðin geta dugað.
- Stundum þarf að hafa fyrir því að fá vald. Nemendaráðin eiga að vera ákveðnari og sækja sér það vald sem þeim ber.
- Spurning um hvort að félagsmiðstöðin nái nægilega vel til 16-18 ára hópsins í ungmennaráðunum?
- Sveitarfélög þurfa sums staðar að styðja betur við bakið á ungmennum og frumkvæði þeirra til vinnu á borð við ungmennaráðanna.
- Undirskriftasöfnun hefur stundum verið notuð vegna ónægju en sjaldan virkað í raun.
- Hugmynd sett fram um að ungmennaráðin verði beinlínis á ábyrgð sveitastjórna-Verði nokkurs konar sveitarstjórn ungmenna.



## Hópur 3

Stefán Gíslason verkefnisstjóri Staðardagskrár 21:

### Er hlustað á börnin?

„Virk þátttaka almennings er einn af hornsteinum hugmyndafræðinnar sem Staðardagskrá 21 byggir á. Þetta er sérstaklega tekið fram í 28. kafla samþykktarinnar frá Ríó (Dagskrár 21). Í 25. kafla er auk þessa fjallað um hlutverk barna í ákvarðanatöku um umhverfismál og þróun. Þar segir m.a. að „**stjórnvöld skuli hafa samráð við ungmenni og láta þau taka þátt í ákvörðunum sem hafa áhrif á umhverfið**“.



Í þessu sambandi er vert að minna á, að um þriðjungur jarðarbúa eru börn og ungmenni, og að Dagskrá 21 snýst öll um viðleitnina til að skila þessum hópi náttúrulegum, efnahagslegum og félagslegum auðlindum jarðar í nothæfu ástandi. Í 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er einnig að finna ákvæði um tillit til skoðana barna, en þar segir m.a.: „**Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska**“. Í erindinu verður fjallað um þátttöku barna í starfi íslenskra sveitarfélaga við gerð Staðardagskrár 21. Leitað verður svara við spurningunni hvort börn hafi verið höfð nægjanlega með í ráðum, þ.e.a.s. hvort eða að hve miklu leyti íslenskar sveitarstjórnir hafi framfylgt ákvæðum Dagskrár 21 og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hvað þetta varðar. Bent verður á muninn á kynningu og samráði og nefnd nokkur dæmi um þátt barna í Staðardagskrárgerðinni hérlandis. Loks verða nefnd erlend dæmi um verkefni, þar sem sérstaklega hefur verið leitast við að taka mið af viðhorfum barna við ákvarðanatöku á vettvangi sveitarstjórna.“



Skundum á Þingvöllum  
Málþing um börn, unglings og iðnæðli  
Valhöll, Þingvöllum 29. mars 2003

## Staðardagskrá 21

Er hlustað á börnin?



Stofnun umhverfis- og unglingsmála  
Málþing umhverfis- og unglingsmála  
valhöll, Þingvöllum 29. mars 2003  
Samband iðnæðis og unglingsmála



## Ríóráðstefnan 1992



## Staðardagskrá 21



- Staðardagskrá 21 er áætlun (nokkurs konar tossalisti ☺) um þau verk sem hvert samfélag um sig þarf að vinna til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21. öldinni.
- Sjálfbær þróun felur í sér umhyggju fyrir velferð komandi kynslóða.
- Staðardagskrá 21 er þess vegna miklu fremur **velferðaráætlun** en umhverfisáætlun.
- Staðardagskrá 21 er áætlun fyrir alla sem búa á sama stað, ekki bara fyrir sveitarstjórnina. Þess vegna á sveitarstjórnin að vinna verkið í samráði við íbúana, (skv. 28. kaflanum)!
- Börn og unglingar eru líka íbúar!



## Er hlustað á börnin?



### Könnun í janúar 2001:

Spurt um þátttöku barna og unglinga í Staðardagskrárstarfi í íslenskum sveitarfélögum

Svör bárust frá 30 sveitarfélögum

Einhver þátttaka í 20 sveitarfélögum af 30

- 17: Bara fræðsla eða þátttaka í umhverfisverkefnum
- 3: Þátttaka í markmiðssetningu

*Hvað er þátttaka???*

## Góð dæmi



### Akureyri og Borgarbyggð:

Unglingar áttu sæti í tengslahópum, sem tóku þátt í að móta markmið fyrir sveitarfélagið

### Grænfáninn:

Í umhverfisnefnd sitja fulltrúar nemenda, kennara, ræstingarfólks, umsjónarfólks, foreldra og stjórnenda skólans.

(19 íslenskir skólar)




## „Barnetrákkregistrering“

Dæmi frá Vestfold í Noregi:

- Skólabörn (8-13 ára) fengin til að skrá leiksvæði inn á kort
- Sambærilegt við skráningu .....

  - auðlinda
  - búsvæða lífvera (biotop / leketop)
  - Fornleifa

- Fært inn í LUK (GIS) og notað við skipulagsgerð



## Spurningar



1. Hafa börn verið höfð nægjanlega með í ráðum?

... eða ...

Hafa íslenskar sveitarstjórnir framfylgt ákvæðum 12. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 25. og 28. kafla Staðardagskrár 21 hvað þetta varðar?

2. Ef ekki, hvað er þá til ráða? Hvað er hægt að gera til að stuðla að aukinni þátttöku ungmenna í ákvarðanatöku?
3. Er þetta bara spurning um réttindi barna, eða skipta einhver fleiri atriði máli í þessu sambandi?



## Hópur 3

### Helstu niðurstöður:



Skundum á Þingvöll  
Málþing um börn, unglings og fjárhæð  
Valkvöld, Þingvöllum 29. mars 2003

## Hópur 3

Staðardagskrá 21

Háttjóni: Guðrún Anna Þorbjörg, Berðabæ  
Kvinn: Stefán Gíslason, varlaframtjóni SÁÍ



## Spurning 2



### Ef ekki, hvað er þá til ráða?

Erfitt að fá krakkana með ☹  
(fáir sem hafa áhuga á stjórnmálum)

- > Byrja fyrr (yngri krakkar)
- > Byrja inni í bekkjunum (málþing þar)
- > Ekki nóg að læra af bókum!
- > Félagsmálafræði sem valfag ☹
- > Unglingaráð
- > Bandarískt dæmi: Unglingadómstóll
- > Kosningar í grunnskóla góð hugmynd

## Annað



### Í umræðum í hópunum kom eftirfarandi fram m.a.:

Þörf er á að auka samskipti milli nem.ráðs og sveitarstj.

Í Garðabæ er sérstakt verkefni að fara í gang, eftir fyrirmynd úr námsefni frá Englandi. Nem. fara í gegnum fjögur stig: gult, rautt, grænt og blátt. Á hverju stigi eru þrjár áskoranir, sem hver um sig krefst 15 klst. vinnuframlags. Þegar tekið hefur verið á við hverja áskorun fær viðkomandi nem. aukna ábyrgð. Verkefnið er í umsjón SAMFES og er hluti af námsgreininni *Félagsmálafræði*. Ætí að geta nýst við starfsamsóknir nem. síðar meir.

Í Fjarðabyggð fá börnin að ráða hvað er gert í þemavikunni (kosíð um það), en ekki ársþáttinni. Þar eru tvö aðskilin nemendaráð í grunnskólum og félagsmiðst.

Í Garðabæ er hugmynd á döfni (innan 6. Rammaáætlunar ESB), sem líkist *Barnetráðkreggissérting*, (norska Barnasáðavervefniinu, (sbr. fyrirlestur Stefáns G.)). (Kristín Þorleifsdóttir, hjá *Heimili og skóli*, veit meira um málið).

Talsvert var neti um opnunartíma og dagskrá félagsmiðstöðva.

Í Bessastaðahreppi var ekki reynt að fá börn inn á íbúðing. ☹

## Spurning 1



### Hafa börn verið höfð nægjanlega með í ráðum?

NEI, (almennt talað),

En til eru góð dæmi um undantekningar

Lítið frumkvæði frá sveitarstjórnnum,  
vantar að ungmenni séu spurð, en .....

“Við þurfum líka að láta heyra meira í okkur”.

Gott dæmi: Vinnuhópar krakka á íbúðing í Garðabæ:

> margar tillögur til bæjarstjórnar

> >>> komið til móts við óskir um strætóleiðir

Kvartanir komast ekki alltaf alla leið. ☹

Nýr skóli í Garðabæ: Vinnuhópur – ADEINS FULLORÐNIR

Umboðsmenn barna í sveitarfélögum = Góð hugmynd



## Spurning 3



Er þetta bara spurning um réttindi barna,  
eða skipta fleiri atriði máli?

Sveitarstjórn þarf ekki bara að uppfylla ákvæði  
Barnasáttmálans og Dagskrár 21:

Viðhorf og þekking barna er auðlind  
sem sveitarstjórn þarf á að halda!!!

(Skipulagning framtíðarinnar (= stjórnmál)  
skiptir unga fólkið mestu máli.

“Það er ekki nóg að hafa skoðun á opnunartíma  
félagsmiðstöðvarinnar”)

## Þátttakendur



### Hópur 3. (Stefán Gíslason)

1. Kristinn Guðnaugsson – Bessastaðahreppi
2. Eyja Þ. Einarisdóttir – Rangárþing eystra
3. Kristín Þorleifsdóttir – Heimili og skóli
4. Ermir Freyr Guðnaugsson – Eskifirði (Fjarðabyggð)
5. Eva María Þrastardóttir – Reyðarfirði (Fjarðabyggð)
6. Guðrún A. Sturladóttir – Garðabæ (hópstjóri)
7. Hera Guðmundsdóttir – Garðabæ
8. Sigurður Bjarni Sveinsson – Rangárþing eystra



## Hópur 4

Helga Gunnarsdóttir, sviðstjóri menningar- og fræðsluviðs  
Akranesbæjar:

### Sköpun félagsauðs - mikilvægt framtíðarverkefni

„Efnisatriði verða um hvers vegna er mikilvægt að leggja áherslu á lýðræði í vinnu með börnum og unglingum. Fjallað verður um hugtakið félagsauð, skilgreiningu hugtaksins og mikilvægi þess fyrir hvert samfélag. Síðan verður sagt frá bæjarstjórnarfundi unga fólksins á Akranesi sem haldinn var 3. desember sl. í tilefni af 60 ára afmæli Akraneskaupstaðar.“



Ég vil í upphafi þakka fyrir hönd okkar, sem komum frá Akranesi fyrir að fá að taka þátt í þessari dagskrá sem hér er í dag.

Þetta málþing kemur eins og kallað því bæjarstjórn Akraness hefur óskað eftir tillögum um hvernig auka megi samráð við ungt fólk á Akranesi um málefni sem þau varðar „... *M.a. verði skoðað hvort áhugi er á því að halda aftur fund með líku sniði og haldinn var þann 3. desember s.l. Kannad verði hvernig auka megi samráð varðandi innra starf skólanna, félagslíf, tómsunda- og forvarnamál o.fl.*”<sup>1</sup>

Þannig að ég trúi því að ég og aðrir fulltrúar frá Akranesi fáum hér að heyra um margar góðar hugmyndir frá öðrum stöðum

Ég ætla nú að segja ykkur aðeins frá bæjarstjórnarfundum unga fólksins á Akranesi, og síðan nefna hvers vegna ég held að umræðuefni dagsins skipti svo miklu máli fyrir framtíðina.

Í tilefni af 60 ára afmæli Akraneskaupstaðar ákvað bæjarstjórn að halda bæjarstjórnarfundum unga fólksins og var undirbúningur þessa fundar í höndum deildarstjóra á unglíngastigi í báðum grunnskólum Akraness. Í öðrum skólanum voru skipulagðir tveir þemadagar. Í hinum skólanum undirbjuggu nemendur nokkurs konar framboðsfundi og fluttu ræður um það sem þeim þótti að færa mætti til betri vegar á Akranesi. Bæjarstjórnin mætti í báða skólana, hélt erindi og sat fyrir svörum.

Ég hef undir höndum skýrslu um vinnuna á þemadögum í Grundaskóla og styðst við hana. Yfirskrift og áhersla þemadagana var á framsögn og umræður.

*Umræðuefnin voru eftirtalin.*

- *Hvernig er að alast upp sem unglíngur á Akranesi? Hvað er gott og hvað má betur fara?*
- *Hvernig skóli er Grundaskóli og hvernig er að vera nemandi í honum?*
- *Hvaða hugmyndir hafa nemendur um skipulag og starfsemi Grundaskóla?*
- *Hvað felst í góðum skóla?*
- *Hvað er jákvætt í fari unglínginga almennt og hvað geta þeir bætt?*
- *Á hvern hátt getur Grundaskóli og Akraneskaupstaður nýtt betur hugmyndir og starfskrafta ungs fólks?*
- *Hvaða kröfur á ungt fólk að gera til skólans og bæjarfélagsins?*
- *Hvað þýðir að ná árangri fyrir bæjarfélag eins og Akranes í skólamálum og mállefnum ungs fólks*

<sup>1</sup> Tillaga flutt á bæjarstjórnarfundum 17.12.02.

„Á bæjarstjórnarfundum unga fólksins, sem haldinn var þriðjudaginn 3. desember s.l. komu fram ýmsar athyglisverðar ábendingar fulltrúa grunnskólanna. Af því tilefni samþykkir bæjarstjórn Akraness eftirfarandi: Bæjarstjórn Akraness samþykkir að fela sviðsstjóra tómsunda- og forvarnarsviðs og sviðsstjóra menningar- og fræðslusviðs að leggja fyrir bæjarráð tillögur um hvernig megi auka samráð við ungt fólk á Akranesi um málefni sem þau varðar. *M.a. verði skoðað hvort áhugi sé á því að halda aftur fund með líku sniði og haldinn var þann 3. desember s.l. Kannad verði hvernig auka megi samráð varðandi innra starf skólanna, félagslíf, tómsunda- og forvarnamál o.fl.*“

- *Hvernig getur skóli náð árangri?*
- *Hvaða mælikvarða vilja nemendur leggja á hvort skólinn og bæjarfélagið sé að ná árangri?*
- *Hvernig á samstarf skóla og foreldra að vera?*
- *Hafa nemendur hugmyndir um einhverjar breytingar frá því sem nú er?*
- *Hvernig á samstarf foreldra og nemenda að vera?*
- *Af hverju ætti ungt fólk að velja Akranes til búsetu?*
- *Á hvaða hátt skarar Akranes framúr öðrum bæjarfélögum?*
- *Á hvaða hátt getur Akranes gert betur?*

Eins og sjá má af þessum spurningum er bæði verið að kalla eftir viðhorfum nemenda til skólans og bæjarfélagsins.

Þann þriðja desember var síðan bæjarstjórnarfundur unga fólksins. Fjórir nemendur úr hvorum skóla komu undirbúnir til leiks. Ætlunin var einnig að fá formann nemendafélags Fjölbrautaskólans með en hann forfallaðist á síðustu stundu.

Fundurinn var haldinn með sömu formerkjum og venjulegur bæjarstjórnarfundur, bæjarstjóri stjórnaði fundi, fulltrúarnir fóru í ræðustól og fluttu mál sitt og síðan voru umræður. Fundinum var útvarpað og óvenjumikill fjöldi var á áheyrendapöllum. Þar sátu m.a. bæjarfulltrúar og aðrir kjörnir fulltrúar, samnemendur, starfsfólk skólanna og foreldrar. Að fundi loknum snæddu allir saman flatbökur. Þessi tilraun tókst vel að okkar mati og nú stöndum við í þeim sporum að þróa hana og finna farveg milli ráðamanna og þessa íbúahóps. (Ítarlega fundargerð má finna á heimsíðu Akraneskaupstaðar undir fréttum í desember 2002, <http://www.akranes.is>)

*En ætli þetta brambolt sé mikilvægt og hvers vegna?*

Við viljum viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð í okkar samfélögum, stórum og smáum en það krefst þess að við kunnum til verka. Hver á að ala á þeirri trú meðal barna og unglunga að skoðanir þeirra séu einhvers virði nú og líka seinna þegar þau verða fullorðin. Heimilin að sjálfsögðu en skólinn gegnir þar stóru hlutverki og í lögum og aðalnámskrá segir að starfshættir í grunnskóla skuli mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs. Í aðalnámskrá segir einnig að helstu gildi lýðræðislegs samstarfs séu: jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingnum og samábyrgð. Í forvera nógildandi aðalnámskrá var ennþá meiri áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð.

Við erum sammála um að viðhorf til barna og unglunga hafa breyst mikið á undan-gengnum áratugum til batnaðar en það eru líka blikur á lofti um að margt annað í samfélagsþróuninni leiði til þess að við höllumst æ meir á sveif með einstaklingshyggju sem felur í sér að eiginhagsmunir eru settir langt ofar hagsmunum heildarinnar og ef ekki er hægt að finna persónulegan ávinning í einhverju málefni þá vekur hann ekki áhuga.

Ég er þessa stundina upptekin af hugtakinu félagsauður<sup>2</sup>, einnig nefnt samborgaralegar dyggðir sem a.m.k. sumir félagsfræðingar telja hættu á að séu á undanhaldi. Þessu hugtaki er ætlað að fanga félagsleg tengsl milli fólks og mæla hvort og í hvaða mæli íbúar líta á sig sem þegna í samfélaginu þ.e., er um sameiginlega hagsmuni að ræða. Þetta skiptir meira máli en margan grunar. Mjög merkileg langtímarannsókn sem gerð var á Ítalíu leiddi í ljós að velgengni héraða réðst að miklu leyti að því í hvaða mæli félagsauður var til staðar. Þessi auðlegð er mæld með viðhorfakönnun ekki síst hvort traust ræður ríkjum í samskiptum manna á meðal. Hvort íbúar trúu því, að þeim sem um stjórnvölinn halda hverju sinni, hvort sem er í atvinnulífi, innan stofnana eða í stjórnkerfinu sé treystandi og að þeir hafi hagsmuni umbjóðenda sinna að leiðarljósi. Þetta hugtak snertir umræðuefni dagsins með mjög beinum hætti. Ef ekki tekst að byggja upp traust nemenda á skólunum og ef börnum og unglingum finnst ekki hlustað á þeirra skoðanir sem settar eru fram af alvöru þá er líklegt að það sé reynsla sem þau taka með sér áfram inn í líf hinna fullorðnu.

Félagsauður mælist minni á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Í norskum grunnskólum er það skylda kennara í upphafi hverrar annar að ræða við nemendur um hvernig námshópurinn og kennari ætla að takast á við námsefnið, markmið og leiðir ræddar. Á þetta er mikil áhersla lögð. Í öllum gögnum sem ég hef séð frá skólum á hinum Norðurlöndunum er í nemendamatinu þessi spurning: Finnst þér þú hafa áhrif á hvernig unnið er í bekknum? Átt er við hvort nemendur komi að skipulagningu námsins. Ef nemendurnir okkar læra það í skólunum að þeir geti haft áhrif á sínar vinnuáætlaðir og hvernig unnið er með námsefnið þá munu þeir halda áfram að koma viðhorfum sínum á framfæri og vilja hafa áhrif á umhverfi sitt en ef þeir læra það skoðanir þeirra skipti ekki máli þá eigum við á hættu að áhugi á umhverfi og aðstæðum dofni og þá er lýðræðið í hættu og aðalmarkmið grunnskólalagana fyrir bít.

Okkur sem hér tölum í dag er uppálagt að setja fram spurningar í lokin, hér eru mínar og þær eru úr ýmsum áttum því mér liggur mikið á hjarta:

- *Hver eru hagsmunamál barna- og unglinga í sveitarfélögum?*
- *Hvaða farveg/samráðsvettvang er hægt að búa til milli ráðamanna og barna?*
- *Eru verkefni nemendaráðanna nægileg vítt skilgreind? Snúast oftast um afþreyingu – ætli hægt sé að virkja nemendur meira t.d. í að fyrirbyggja einelti og þá hvernig?*
- *Ætli hægt sé að virkja nemendur meira í forvarnarstarfi?*
- *Ætli nemendur geti komið meira að því að leysa vandamál sem koma upp í samskiptum nemenda með formlegum hætti (sáttanefnd)?*

---

<sup>2</sup> Ef auðlegð byggð á hlutum er áþreifanleg, þar sem hún birtist í efnislegum myndum, og mannauður er síður áþreifanlegur, þar sem hann byggist á hæfni og þekkingu sem einstaklingar hafa aflað sér, þá er félagsauður enn óáþreifanlegri, því tilvist hans felst í tengslum milli fólks. Félagssauður greiðir götu framleiðslustarfsemi rétt eins og auðlegð hlutanna og mannauðurinn. Þannig er hópur sem býr yfir þeim eiginleika að flestum er treystandi og er treyst fær um að koma miklu fleiru til leiðar en sambærilegur hópur þar sem fólki er ekki treystandi eða treyst. (Gunnar Helgi Kristinsson, *Staðbundin stjórnmál* 2001. Háskólaútgáfan. Bls. 154)

## Hópur 4

### Helstu niðurstöður:

*Hópstjóri: Lilja K. Steinþórsdóttir, Heiðarskóla, Reykjanesbæ*

- *Hver eru hagsmunamál barna- og unglunga í sveitarfélögum?*

**Félagslíf nemenda, félagsmiðstöðvar. Að nægileg fjölbreytni ríki og að efnalitlir nemendur geti tekið þátt (má ekki kosta of mikið)**

**Hvar götur og gangstígar eru skipulögð sem og leiksvæði**

**Almenningssamgöngur. Að ókeypis sé í stæto, áætlanir stræto og hvar stoppi-stöðvar eru**

**Fleiri möguleikar foreldra og barna til samveru t.d. að skólarnir bjóði upp á samveru fyrir báða hópa og séu opnir foreldrum.**

**Skólamál. Allt sem viðkemur skólamálum eru hagsmunamál barna og unglunga, skipulag, starfsfólk og aðstaða.**

**Umfjöllun um börn og sérstaklega unglunga í fjölmiðlum, ekki sé sífelld klifað á því neikvæða heldur horft til hins jákvæða. Sérstaklega var rætt um orðaval – unglingur er notað í neikvæðri merkingu en talað um ungmenni og elstu nemendur grunnskólans á hátíðarstundum**

**Viðmót almennings, sérstaklega afgreiðslufólks er oft öðru vísi við börn en full-orðna**

- *Hvaða farveg/samráðsvettvangur er hægt að búa til milli ráðamanna og barna?*

***Samráð við nemendaráð og unglingaráð. Hægt að kalla fulltrúa nemenda á fund ráðamanna og leita eftir hugmyndum. Bæjaryfirvöld geta sent mál til umsagnar nemendaráða. Gæta að því að fjalla um og svara erindum frá ungmennum. Lobbýismi***

- *Eru verkefni nemendaráðanna nægileg vítt skilgreind? Snúast oftast um afþreyingu – ætli hægt sé að virkja nemendur meira t.d. í að fyrirbyggja einelti og þá hvernig?*
- *Ætli hægt sé að virkja nemendur meira í forvarnarstarfi?*
- *Ætli nemendur geti komið meira að því að leysa vandamál sem koma upp í samskiptum nemenda með formlegum hætti (sáttanefnd)?*

***Þessar spurningar voru ræddar saman og umræðan dregin saman í eftirfarandi punkta til að dýpka umræðu um verkefni nemendaráða***

***Aðstaða nemenda í skólum***

***Eldri nemendur hjálpi nemendum sem standa höllum fæti***

***Nemendur beiti sér gegn útskúfun og einelti***

***Beiti sér fyrir að vinahópar séu settir af stað, jafnvel komi á leynivinafélagsskap***

***Nemendaráð taki þátt í að móta forvarnaráætlanir skóla og bæjarfélaga***

## Hópur 5

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi:

### Mannréttindi og lýðræði í skólum

„Fjölmargar nýjungar eru í deiglunni í Reykjavík á þessum sviðum. Unnið að er undirbúningi verkefna sem lúta að mannréttindum og lýðræði í skólum á vettvangi Reykjavíkurborgar. Meðal þeirra má nefna verkefni sem ætlað er að skjóta frekari stöðum undir unglíngalýðræði og Reykjavíkurráð ungmenna auk þess að styðja við kennara og kennslu í mannréttindum. Þessar hugmyndar verða kynntar og lagðar fram til skoðunar og útfærslu í vinnuhópum ráðstefnunnar auk þess sem horft verður til fordæma frá Norðurlöndum og kynnt alþjóðlegt samstarfsverkefni að bandarísku frumkvæði.“



## Mannréttindi og lýðræði í skólum

### Málþing Umboðsmanns barna og mannréttindahóps ELSA

Þingvöllum, 29. mars 2003

Dagur B. Eggertsson

## Mannréttindi og sveitarfélög

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur ekki verið lögfestur.
- Hefur þó haft áhrif,
  - Embætti umboðsmanns barna 1994.
  - Ný barnalög, barnaverndarlög o.fl.
- Ekki til áætlun um innleiðingu, hvorki hjá ríki né sveitarfélögum.
- Vísir að gagnrýnni greiningu á skuldbindingum Íslands.

## Mannréttindi og Reykjavík -að vilja

- **Stefnuskrá Reykjavíkurlistans vorið 2002:**  
“Reykjavík á að vera borg þar sem stjórnendur og starfsmenn koma fram af þjónustulund og virðingu gagnvart íbúunum. Menningarleg fjölbreytni auðgar. Mannréttindi eru leiðarljós við stjórn borgarinnar. Allir íbúar Reykjavíkur eiga jafnan rétt gagnvart borginni án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, uppruna, litarháttar, efnahags, ætternis eða annarrar stöðu.”

## Mannréttindi og sveitarfélög

- Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum.
- Einn þeirra, mannréttindasáttmáli Evrópu, hefur verið lögfestur. Aðrir ekki.
- Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar er nýr en iðaldssamur. Réttinda barna í engu getið.
- 76. gr: “Börnum skal tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.”

## Mannréttindi og sveitarfélög

- Skuldbindingar um breytt vinnubrögð:
  - Bann við mismunum (2. grein)
    - Söfnun upplýsinga og kortlagning
  - Velferð barnsins í fyrirrúmi (3. grein)
    - Úræði til að tryggja það í verki
  - Réttur til lífs og þroska (6. grein)
    - Samvinna og heildarsýn
  - Réttur til að hafa áhrif (12. grein)
    - “Taki til að hafa áhrif”
- Lykilatriði: skilja, kunna, virkja og vilja.

## Mannréttindi og Reykjavík -að vilja

- **Samþykkt um Greiðar götur, júní 2002:**  
“...efna til umræðu um þær mannréttindareglur og sjónarmið sem við sögu koma í starfi hinna fjölmörgu stofnanna borgarinnar í samvinnu og samráði við þær og stjórnir þeirra,”
- Þegar mælt var fyrir tillöggunni kom meðal annars fram að umræða um mannréttindahliðar þjónustu og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar ætti jafnt við þjónustu borgarinnar í skólakerfi, félagsþjónustu og annarra þátta þar sem mannréttindasjónarmið koma við sögu.

## Mannréttindi og Reykjavík - að skilja

### • Verkefni framundan, Borgarfræðasetur:

1. Kortleggja tengsl mannréttinda og Reykjavíkurborgar, með aðkomu stjórnmalamanna, embættismanna borgarinnar, fagstétta, fulltrúa jaðarhópa og almennra notenda þjónustu Reykjavíkurborgar.
2. Kanna þörf á útgáfu og kynningu á réttindum einstakra hópa.
3. Efna til umræðu um mannréttindasjónarmið sem við sögu koma í þjónustu og rekstri Reykjavíkurborgar.

## Mannréttindi og Reykjavík - að kunna

### • Verkefni framundan, Mannréttindi í skólum:

1. Auka þátt mannréttinda í kennslu í grunnskólum Reykjavíkur.
  - styrkja gerð kennsluefnis.
  - stuðla að námskeiðahaldi fyrir kennara.
  - skilgreina móðurskóla í mannréttindakennslu.
2. Efla umræðu um mannréttindi í skólum.
  - samvinna við Umboðsmann barna, frjáls félagasamtök, fræðimenn og háskólastúdenta.

## Mannréttindi og Reykjavík -skilja, kunna, virkja og vilja-

### • Möguleg verkefni, Mannréttindi barna:

4. Mótun heildstæðrar uppeldis/fjölskyldustefnu?
5. Kanna kosti "barnabókhalda", "barnagátlista" eða annarra tækja til að taka sjónarhorn barna inn í myndina við stefnumótun.
6. Auka þekkingu á mannréttindum barna meðal starfsfólks og notenda þjónustu Reykjavíkurborgar?
7. Réttur barna í barnaverndarmálum tekinn til sérstakrar skoðunar?

## Mannréttindi og Reykjavík - að virkja

### • Verkefni framundan, Reykjavíkurráð ungmenna:

1. Borgarstjórarfundur ungmenna
2. Leiðbeinandi reglur um starfsemi nemendaráða í skólum.
2. Þátttaka í alþjóðlegu verkefni á sviði net-lýðræðis.
  - bandarískt frumkvæði.
  - Reykjavík verður meðal 22 brautryðjandi landa.

## Mannréttindi og Reykjavík -skilja, kunna, virkja og vilja-

### • Möguleg verkefni, Mannréttindi barna:

1. Úttekt á skuldbindingum Reykjavíkur samkvæmt Barnasáttmálanum?
2. Kanna kosti þess og galla að borgarstjórn geri samþykkt um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?
3. Þýða/semja handbækur um innleiðingu barnasáttmálans?

## Mannréttindi og Reykjavík -skilja, kunna, virkja og vilja-

### • Möguleg verkefni, Mannréttindi barna, 12 gr.:

8. Frekari tilraunir með nemendalýðræði í skólum? 8 ára, 10 ára og 14 ára börn hafi formlegan vettvang til að koma ábendingum á framfæri árlega innan skólans/til Fræðslufirvalda?
9. Netlýðræði barna?
10. Alþingiskosningar í unglingsdeildum?
11. Ráðgjafaráð barna við einstakar stofnanir, s.s. Sundlaugar og Strætó? Nýta ráðgjafabekki Umboðsmanns barna?



## Hópur 5

### Helstu niðurstöður:

- **Framsögotímar settir inn í aðalnámskrá**
  - Fastir framsögotímar í hverri viku, frá upphafi grunnskólagöngu.
  - Sniðnir eftir aldri og þroska nemenda
  - Þess yrði gætt að allir komi skoðun sinni að, þ.e. lögð áhersla á að allir tali.
- **Ráðgjafafundir með skólaráðendum, fyrir fasta aldurshópa 8, 10, og 14 ára**
  - Haldnir á hverju ári
  - Leið fyrir yngri aldurshópana, þar sem ekki eru starfrækt nemendaráð að koma skoðun sinni á framfæri.
- **„Alþingiskosningar” í skólum**
  - Hugmyndin útfærð þannig að krökkunum yrði gefinn kostur á að búa til eigin stjórnmalaflokka og halda kosningabaráttu.
  - Stjórnmalastefnur kynntar, og hvernig kosningar fara fram.
  - Einnig til athugunar hugmyndin frá Svíþjóð þar sem kosning færi fram í skólum samfara Alþingiskosningu.



# Hópur 6

Helgi Grímsson, skólustjóri Laugarnesskóla:

## Hlutverk nemendaráða

„Erindi mitt fjallar um nemendaráð í grunnskólum. Ég mun leggja megináherslu á að fjalla um þau lýðræðislegu gildi sem liggja að baki hugmyndum um nemendaráð og ræða hvað það merki að nemendaráð eigi að fjalla um mál er varða hagsmuni, velferð og félagsstarf nemenda. Verkefni í hópastarfi væri að ræða hver eru verkefni nemendaráða í dag og skoða hver þau ættu að vera.“





# Nemendaráð

Að vera og vilja



Hver eru verkefnin?

- Fyrst og fremst félagsstörf
- Starfshættir eru mjög mismunandi eftir skólum og misjafnt hvernig valið er í ráð og nefndir



Hvað viljum við?

- Stýra félagsstarfi
- Vera meira með í ráðum þegar kemur að innkaupum og skipulagi skólstarfs
- Vera rödd nemenda



Skólastjórar og nemendaráð

- Skólastjórar virðast oft misstilja hlutverk nemendaráða. Þeir gera of mikið úr mikilvægi þess að allt sé ábyrgt og uppbyggilegt þannig að gleðin gleymist. Það verður að vera gaman að vera í nemendaráði.



Hvað viljum við?

- Að fá viðhaldsfé í framkvæmdir?
  - Spurning hvort það gangi – viljum ekki vera nemendalöggur
- Samræmdar reglur fyrir nemendaráð?
  - Spurning hvort menn vilji það – sjálfstæðið skiptir máli (þurfa allir að gera eins?) Viljum unglingsþing fyrir allt landið sem tæki afstöðu til þess.

## Hópur 6

### Helstu niðurstöður:

---

## Nemendaráð grunnskóla

diskó og date  
eða  
hagsmunir og velferð?

---

Hilgi Grísson

Nemendaráð grunnskóla

## Hagsmunir nemenda

- Að raddir nemenda eigi sér hljómgrunn
    - Hvaða tónlist er spiluð í frímínútum
    - Framboð valgreina og stýring námshraða
    - Aðstaða og áhöld í skólanum (t.d. tómstundir)
    - Að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum
    - Fjármunir fari í uppbyggingu í stað viðhalds
- 

Hilgi Grísson

Nemendaráð grunnskóla

## Lög um grunnskóla 17. gr.

---

Nemendum er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð. Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

---

Hilgi Grísson

Nemendaráð grunnskóla

## Félagsmál

- 
- Félagsstarfið er fyrir alla nemendur skólans
    - Allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi í starfsáætlun um félagsstarf.
    - Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu. (34. gr.)
- 

Hilgi Grísson

Nemendaráð grunnskóla

## Velferð

---

- Að allir njóti sín í skólastarfinu
    - Gjaldtaka útiloki engan frá þátttöku
    - Enginn verði fyrir ofbeldi
    - Allir fái færi á að þroskast félagslega
    - Að í skólanum sé stuðlað að auknu heilbrigði nemenda til líkama og sálar
    - Skólastarfið lúti Barnasáttmála SP.
- 

Hélgj Grímsson

Nemendaráð grunnskóla

## Nemendaráð vs. skólastjórn

---

- Nemendaráð er ráðgjafi stjórnenda skólans um málefni nemenda
  - Skólastjóri á a.m.k. tvisvar á ári að boða sameiginlegan fund nemendaráðs, foreldraráðs og kennararáðs
- 

Hélgj Grímsson

Nemendaráð grunnskóla

## Rammar félagsstarfs

---



Hélgj Grímsson

Nemendaráð grunnskóla

# Hópur 7

Mannréttindahópur ELSA 2002 – 2003:

## Starfsumhverfi nemendaráða

„Farið verður yfir hver staða nemendaráða er í dag og niðurstöður óformlegrar könnunar kynntar. Einnig verður bæklingur sem gefinn var út á vegum ELSA og umboðsmanns barna kynntur og bornar fram tillögur að lagabreytingum í grunnskólalögum þess efnis að skylt verði að stofna nemendaráð með lýðræðislegri kosningu. Verkefni vinnuhópsins verður aðallega fólgið í því að koma með hugmyndir að bættu starfsumhverfi nemendaráða.“



## Starfsumhverfi nemendaráða

Svanfríður D. Karlsdóttir  
Mannréttindahópi ELSA

## 12. gr. Barnasáttmála SP

“ Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjállega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska”

## Samstarf

- Umboðsmaður barna
- Mannréttindahópur ELSA (European Law Student Association)
- Hófu samstarf árið 2000 um verkefni tengt 12. gr. Barnasáttmála SP
- Áherslan var lögð á hlutverk sveitastjórna og skóla.

## Spurningar

- Hefur Ísland gert það sem nauðsynlegt er til að uppfylla skyldur ríkisins skv. 12. gr. Barnasáttmálans?
- Ef svo er ekki, hvað er hægt að gera til að stuðla að því að ákvæðið verði virkt í reynd?
- Hvernig getum við aukið þátttöku barna við ákvarðanatöku á sveitastjórnarstigi og innan skólakerfisins?

*Þau sem erfa munu landið  
..ná ekki eyrum okkar!*

- Tillögur að lagabreytingum
- Hugmyndir að leiðum

## Hlutverk grunnskólans:

- 2. mgr. 1. gr. grunnskólalaga:
  - Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum viðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

## Aðalnámsskrá grunnskóla

- Kennsla og kennsluhættir
  - Markmiðum sem lúta að því að þjálfa nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum, verður best náð með því að skipuleggja nám og kennslu og önnur samskipti út frá þeim.

## Nemendaráð

- 17. gr. grunnskólalaga:
  - 1. mgr. Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. Að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.
  - 2. mgr. Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

## Starfsumhverfi nemendaráða

- Könnun umboðsmanns barna á starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995 – 1996
  - 48% (54 af 113)
- Óformleg netkönnun á stöðu nemendaráða unnin af Mannréttindahópi ELSA vorið 2003.
  - 26% (51 af 196)

## Nemendaráð

- Nemendaráð eru fyrst og fremst virk fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk
- Hvað með yngri nemendur?
  - Á að gefa þeim kost á að stofna nemendaráð?

## Val í nemendaráð

- Kosning í bekkjum er það algengasta.
- Skiptir máli hvort kosning sé leynileg eða ekki?

## Aðstoðarmaður nemendaráðs

- Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.(17. gr.)
- Kennari eða starfsmaður félagsmiðstöðvar
- Á nemendaráð að hafa eitthvað um það að segja hver starfar með þeim?



## Reglur nemendaráðs

- Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur. (2. mgr. 17. gr. )
- Misbrestur á að þessu ákvæði sé fullnægt.
- Eiga að vera samræmdar reglur nemendaráða grunnskóla?
- Hver ætti að setja slíkar reglur?

## Hlutverk nemendaráðs

- Skemmtanahald – íþróttaviðburðir, böll, þemavikur ofl.
- 17. gr. – nemendaráð skulu vinna m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.

## Hlutverk nemendaráðs

- 4. mgr. 13. gr. grunnskólalaga:
- Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.
- Af hverju ekki nemendaráð?

## Vinnuhópur 7

- Kannanirar segja okkur heilmikið um starfsumhverfi nemendaráða eins og þau eru í dag.
- Þarf að breyta grunnskólalögunum til að tryggja betur að 12. gr. Barnasáttmálans sé uppfyllt?
- Hvaða breytinga er þörf?

## Hópur 7

### *Helstu niðurstöður:*

Hópurinn var mjög virkur og mikið rætt og diskúterað.

Aðal áhersla var lögð á það hvort þörf væri á lagabreytingum til að tryggja betur ábyrgð og þátttöku barna í nemendaráðum.

Sérstaklega voru 4 spurningar ræddar.

#### **1. Á að gefa yngri nemendum kost á að starfa í nemendaráði?**

Hópurinn var sammála um að það væri nauðsynlegt að nemendur lærðu snemma að þeir geti haft áhrif og að þeir séu þátttakendur í ákvarðanatöku í málum sem snerta þá sjálfa.

Vangaveltur voru þó uppi um hvort nemendaráð væri endilega rétti vettvangurinn fyrir þessi yngstu. Hugmyndin að baki nemendaráði fyrir yngstu bekkina þarf að vera miðuð að þroska og aldri þeirra og því allt öðruvísi útfærð en fyrir elstu bekkina. Ekki var tími til að fara mjög djúpt í þessar vangaveltur um hvernig nemendaráð fyrir yngstu bekkina ætti að vera, en eins og fyrr segir voru allir sammála um að yngri nemendur þurfi einnig að vera meðvitaðir um að þeir hafi rétt á að segja sína skoðun í málum er þá varða.

#### **2. Á nemendaráð að hafa eitthvað um það að segja hver starfar með þeim?**

Hópurinn var sammála um að eðlilegt væri að nemendaráð hefði tillögurétt um þetta en að skólastjóri tæki endanlega ákvörðun. Skólastjórinn ber endanlega ábyrgð á þeim sem starfar með nemendaráði og því þarf ákvörðunin að vera hans, en í samhengi við 12. gr. Barnasáttmálans var hópurinn sammála um að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana barnanna á því hvaða kennara þau kjósa helst að vinna með. Að skólastjóri eigi að bera undir nemendaráð val á kennara áður en ákvörðun er tekin.

Ýmislegt kom þó fram í tengslum við þetta atriði um framkvæmd eins og hún er og þá hvort þetta sé gerlegt. T.d. í Garðaskóla þar er boðið upp á valgrein um nemendaráð og sá sem kennir þann kúrs er kennarinn sem sinnir og aðstoðar nemendaráð skólans, einnig er slíkur vandi í Mosfellsbæ þar sem einn kennari sinnir þessu skv. stöðu sinni í skólanum. Í sumum skólum eru það starfsmenn félagsmiðstöðva sem aðstoða nemendaráð og þurfa þeir ekki endilega að vera kennarar eða starfsmenn skólans. Einn þátttakandi þekkti slíkt vandamál frá Reykjanesbæ, þar sem upp komu vandamál milli skólastjórnenda og starfsmanns nemendaráðs og vandinn lá þá mest í því að skólastjórinn hafði ekkert yfir starfsmanninum að segja. Framkvæmd var breytt í kjölfarið.

Þarna er kannski um að ræða vandamál sem þyrfti að leysa til samræmis við lögin og koma á samræmdri framkvæmd í skólum.

#### **3. Skiptir máli hvort kosning er leynileg eða ekki?**

Hér var hópurinn einnig algerlega á einu máli um að kosning verði að vera leynileg til að geta talist lýðræðisleg.

Rætt var í hópnum hvernig framkvæmdin væri í þeim skólum sem þátttakendur þekktu til og virtist sem allsstaðar væri um leynilegar kosningar að ræða. Unglingarnir í hópnum reyndu að meta hvort þetta hefði áhrif á kosninguna á þann hátt að nemendurnir kysu þann sem þau treystu til að vinna að þeirra hagsmunum eða hvort sá vinsælasti væri valinn. Unglingarnir voru ekki vissir um áhrif leynilegra kosninga varðandi það hver væri valinn, en töldu að það þyrfti kannski að ræða frekar í bekkjunum hvað það þýðir að velja einhvern í nemendaráð. Kennararnir segðu það þó yfirleitt fyr-

ir kosninguna að það skipti máli hver er valinn, en það hlusti enginn á það. Hugmynd kom þá upp að það þurfi a.m.k. einn umræðutíma þar sem krakkarnir fái að ræða þetta sín á milli með aðstoð kennara þannig að þau séu betur meðvituð um hlutverk þess sem valinn er í nemendaráð og að þau hugsi um hverjum þau treysti best.

#### **4. Á nemendaráð að eiga rétt á setu á fundum með foreldraráði, kennararáði og skólastjórnendum?**

Ekki gafst mikill tími til að ræða þessa spurningu. Önnur spurning í tengslum við þetta var, hvernig sé hægt að tryggja almennt í skólum aðgengi nemenda að skólastjórnendum til að koma á framfæri skoðunum sínum þannig að réttmætt tillit sé tekið til þeirra.

Ekki fékkst niðurstaða í þetta mál. Þó var bent á hvort það væri heppilegt að nemendur sætu á slíkum fundum, þar sem oft væri verið að ræða fjármál skólans o.fl. þess háttar, sem nemendur hafa lítið um að segja og ná kannski ekki að fylgjast með. Nefnt var dæmi frá Ísafirði, þar sem reynslan hafði leitt til þess að framkvæmd var breytt og nú er boðaður fundur með nemendaráði og skólastjórnendum, ef þurfa þykir.

Einnig var því velt upp, hvort nemendaráð ætti að geta boðað til fundar með skólastjórnendum, foreldraráði og kennararáði, þegar þess gerist þörf.

Þetta var rétt, en ekki mjög ítarlega – til þess gafst ekki tími en niðurstaða hópsins var helst sú að fundir nemendaráðs, foreldraráðs, kennararáðs og skólastjórnenda ættu að vera annað slagid en hvernig umgjörðin ætti að vera komst engin niðurstaða í.



# Erindi frá fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna:

## Aríel Pétursson

Aríel Pétursson heiti ég og er reyk-vískur grunnskólanemi auk þess að vera fulltrúi í ungmennaráði miðbæjar og fulltrúi þess ráðs í Reykjavíkurráði ungmenna.

Ég vil í erindi mínu kynna fyrir ykkur ungmennaráð í Reykjavík, forsendur þess, tilgang og reynslu mína af þátttöku í ráðinu.

Lýðræði hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum aldirnar og í upphafi nýrrar aldar er kosningaréttur á Íslandi miðaður við 18 ára aldur. Í anda enska hugtaksins „empowerment“ sem hér er þýtt sem umboð til athafna, er talið mikilvægt að hver og einn hafi eitt-hvað um sitt eigið líf að segja og taki þar með ábyrgð á sjálfum sér. Þetta þýðir þar með að þátttaka í samfélaginu og að hlutverk hvers og eins einstaklings verður mikilvægt í heildarsamhenginu.

Þetta eru grunnforsendur fyrir starfsemi ungmennaráðanna í Reykjavík.

Markmið verkefnisins er tvíþætt:

Að veita þátttakendum á aldrinum 13-18 ára fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að skapa vettvang og leiðir fyrir þá að koma sínum skoðunum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.

Fyrir tveimur árum leituðu fulltrúar Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur til nemendaráða skóla borgarinnar og óskuðu eftir fulltrúum til þátttöku í ungmennaráðum.

Tveir fulltrúar úr hverjum skóla á aldrinum 13-18 ára mynda átta ungmennaráð, eitt í hverju hverfi. Tveir fulltrúar úr hverju ráði mynda síðan Reykjavíkurráð ungmenna. Mest þátttaka virðist vera meðal nemenda úr grunnskólunum, en einnig eru starfandi í ráðunum fulltrúar frá flestum framhaldsskólunum.



Starfsmenn ÍTR eru ráðunum innan handar en það eru þátttakendurnir sjálfir sem stýra ferðinni og leggja sjálfir fram tillögur og koma þeim áleiðis.

Síðastliðinn vetur fundaði Reykjavíkurráð með borgarstjórn og lagði fram tillögur um það hvernig bæta mætti hagi og kjör ungmenna. Allar þær tillögur sem lagðar voru fram fengu umfjöllun, og margar hverjar hafa náð fram að ganga.

Síðastliðinn fimmtudag, var í annað sinn haldinn slíkur fundur og lagði Reykjavíkurráð fram fimmtán tillögur sem flestar sneru að fræðslumálum, nokkrar að tómstundastarfi, og enn fremur nokkrar sem sneru að skipulagsmálum borgarinnar.

Þessum tillögum var vísað til viðeigandi ráða og nefnda og munu fá umfjöllun þar, og vonandi komast þær sem flestar í framkvæmd. Og til gamans má geta þá fékk ég ásamt 7 öðrum fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna tækifæri til að koma á framfæri tillögum þessum og ég get fullyrt að það er einstaklega góð og lærdómsrík reynsla að tala fyrir máli sínu á fundi sem þessum.

Af öðrum störfum ungmennaráðanna má nefna að fulltrúar þeirra hafa fengið fræðslu og kynningu meðal annars frá umboðsmanni barna þar sem Þórhildur sem stendur fyrir þessari ráðstefnu kynnti sitt starf og frá Ráðhúsinu um stjórnkerfi borgarinnar, auk þess funda ráðin reglulega um hin ýmsu málefni sem okkur ungmennin varða, hverfið sem við búum í og önnur mál sem við teljum mikilvægt að ræða.

Fulltrúar í ungmennaráðin skulu verða valdir af nemendaráðum skólanna. Í mínu tilviki er raunin sú að ég er einnig formaður nemendaráðs míns skóla og því má kannski efast um lýðræðið við val á fulltrúa til ungmennaráðs. Enn sem komið er hafa ungmennaráð ekki fengið næga kynningu meðal nemenda skólanna en vonast má til að það muni breytast á komandi árum og þá megí ég bítast um sæti mitt í ráðinu við samnemendur mína.

Ég hef starfað með ungmennaráði miðbæjar þau tvö ár sem það hefur verið við lýði, og einnig hef ég verið fulltrúi ráðsins í Reykjavíkurráði ungmenna bæði árin.

Mér finnst það vera viss forréttindi að fá að taka þátt í þessu starfi, og ég hef öðlast mikla reynslu, meðal annars í að móta skoðanir mínar í riti og einnig að koma þeim á framfæri í orði.

Að lokum vil ég segja að þessi tími sem ég hef starfað með ráðunum hefur einnig verið sérstaklega skemmtilegur og ég hef fengið tækifæri til að kynna jafnöldrum úr öðrum hverfum og tækifæri til að skiptast á skoðunum við þá.

Síðast en ekki síst er mjög ánægjulegt að finna það að hlustað er á mig og að skoðanir mínar skipta máli ekki síður en skoðanir þeirra fullorðnu.

## Erindi frá unglíngum í Mosfellsbæ:

Atli Heimisson (10. bekk), Íris Rún Karlsdóttir (10. bekk), Harpa Lilja Júníusdóttir (10. bekk), Ragnheiður Gyða Ragnarsdóttir (10. bekk), Sigrún Harðardóttir (7. bekk), og Sveinn Ingi Árnason (7. bekk)



### Inngangur

Því að vera barn- og unglíngur fylgja ýmis réttindi og skyldur, líkt og hjá fullorðnu fólki. Börnum er skylt að ganga í skóla, fullorðnu fólki er skylt að borga skatta og svo má lengi telja. Þjóðfélagið fer stigvaxandi hvað varðar tækni og nýjungar og fá eru heimilin þar sem ekki er sjónvarpstæki í hverju herbergi og leikjatölvur fyrir krakkana. Íslenskir krakkar eru farnir að sitja meira og meira heima yfir tölvuleikjum. Hvort það sé um að ræða venjuleg PC tölvu eða playstation leikjatölva. Símanotkun er mjög mikil og eru börn allt niður í 2-3 bekk kominn með GSM-síma. Þroskandi breytingar hafa átt sér stað ár frá ári og Íslendingar eru mjög vel staddir hvað varðar efnahag. Það er gott að vera Íslendingur, enda mjög sjálfstæð þjóð. En eins og allar þjóðir þá búa að baki okkur vandamál sem ber að leysa. Þar ber hæst að nefna líðan íslensku þjóðarinnar. Fyrir innan fallega brosið og björtu augun býr mikil vanlíðan. Þunglyndi og depurð er vaxandi vandamál í íslensku samfélagi og það leynir mjög á sér í fólki. Við gerum okkur ekki í rauninni grein fyrir því hvað þetta er orðið algengt. 22-24% íslensku þjóðarinnar þjást af geðheilsuvanda af einhverjum toga eða nær einn af hverjum fjórum landsmönnum. Þunglyndi kemur oft í kjölfar heimilisofbeldis, eineltis og nauðgana. Ofbeldi verður meira og meira áberandi í heiminum því sem á líður sem er mjög ábótavant. Aðstaða til að leita sér hjálpar í Mosfellsbæ er mjög góð.

Hægt er að leita til námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings og sálfræðings, vinaleið er starfandi fyrir öll börn í grunnskóla og svo er alltaf hægt að leita hjálpar við öllum vandamálum á heilsugæslustöðina. 1 sinni í viku býðst fólki á aldrinum 13-20 ára að leita hjálpar til hjúkrunarfræðinga og lækna gjaldlaust.

### **En hvernig er að alast upp í Mosfellsbæ?**

Í leikskóla var mjög gaman enda finnst sennilega flestum börnum það gaman. En þrátt fyrir það þá voru hrikalega margir krakkar á litlu svæði. En í dag hefur leikskólum og leikskólaplássum fjölgað og meira lagt upp úr aðstöðu fyrir þau allra yngstu. Hins vegar er mikið stökk að fara úr leikskóla og byrja í grunnskóla. Leikskólinn bauð upp á vorskóla en þá fóru börnin í 2 daga aðlögun til að kynnst skólastarfinu. Þetta finnst börnunum mjög spennandi og gaman og ef til vill mætti lengja þennan tíma í aðlögun þar sem miklar breytingar eiga sér stað í lífi barnanna. Frístundarstarfið hefur batnað töluvert síðan við vorum yngri. Þ.e.a.s. krakkar geta valið sér eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt að gera t.d. fara í sína uppáhalds íþrótt, dans, leiklist og þess háttar. Mosfellsbær er fjölskylduvænn bær og fólk með börn sækist mikið í að búa hérna og eru flestir ánægðir. Það er mjög gott að alast upp hér og er orðið mikið betra vegna þess að það er búið að bæta hagsmuni barna töluvert.

### **En hvernig er svo félagsandinn og félagslífið?**

Mosfellsbær er með nokkuð öflugt félagslíf þó svo það sé ýmislegt sem mætti bæta. Krakkar verða uppiskroppa af skemmtun og félagslífi á sumrin. Allt hvað það varðar leggst í dvala á meðan skólinn er í fríi. Halda mætti kannski nokkra smávægilega tónleika á sumrin. Þá sem allir hefðu áhuga á að mæta á. Svo væri líka hægt að skipuleggja skemmtilega íþróttadaga með dagskrá. Eitthvað þannig að allir í bænum hefðu eitthvað fyrir stafni hvort sem um er að ræða vetur sumar vor eða haust. Á sumrin er starfandi unglíngavinna fyrir 8.-10. bekk. Í lok hennar er alltaf svo farið í útileigu yfir nótt að henni lokinni. Það er svona það eina sem hægt er að gera. Þ.e.a.s ef þú ert í unglíngvinnunni. Svo fyrir yngri kynslóðina þá eru starfsrækt ýmis konar leikjanámskeið sem allir krakkar ættu að geta sótt. Hvort sem þau séu líkamlega fötluð eður ei.

### **En svo er það nú rödd barnanna!**

Já það er nú það sem er hér um rætt. Ef við hugsum okkur t.d. til þess að setja þetta í smá samhengi, að fullorðinn einstaklingur myndi labba inn á bæjarskrifstofuna og annað hvort koma með hugmyndir að einhverju sem

honum finnst vanta eða einfaldlega kominn til að kvarta. Svo á hinn bóginn kæmi 12 ára krakki labbandi inn í nákvæmlega sömu erindagjörðum. Á hvorn einstaklinginn yrði hlustað? Hvorum væri tekið meira mark á? Það leikur enginn vafi á því að hlustað yrði betur á þann fullorðna. Yngri kynslóðin er oft litin hornauga af þeim eldri. Lítum hér á annað algengara dæmi. Eins og t.d. ef að ungt fólk fer inn í verslun og kvartar yfir gallaðari vöru þá er ekki mikið gert, starfsfólkið segir að varan hafi ekki verið gölluð þegar hún var keypt eða eitthvað því um líkt. Ef foreldri hefði aftur á móti komið með nákvæmlega sömu vöru og kvartað yfir að hún væri gölluð þá afsakar starfsfólkið sig faglega og býður fram nýja og ógallaða vöru. Þetta er eitthvað sem margir hafa lent í. Það er oft eins og við njótum ekki sömu réttinda þó svo að það eigi auðvitað að gilda það sama um alla. En þetta á auðvitað ekki við um allt og alla en kemur þó svo oft fyrir.

### **En að öðru! unglingar?**

Já dregin hefur verið upp sú neikvæða staðalmynd af unglingum að það sé einungis unglingar sem valda óeirðum. Eldra fólkið heldur oft að allir unglingar neyti áfengis og tóbaks ef ekki annarra vímuefna. En það er mikill minnihlutahópur. Það eru þó allt of margir í þessum minnihlutahópi. Þessir minnihlutahópar eru þeir einu sem fréttir berast af og vantar oft fréttir af góðum hlutum sem þeir gera. Unglinga vantar heilbrigða og góða mynd og traust hjá fullorðnu fólki og hjá þjóðfélaginu í heild sinni á þessum viðkvæmu árum.

### **Svo má líka nefna ímynd barna og unglinga og fólks í heildinni!**

Tískumódel og sjónvarpsstjörnur eru fyrirmyndir fólks og þá aðallega unglinga. Frá aldrinum 10-18 ára. Boðskapurinn er í rauninni, svona áttu að vera en ekki svona. Þegar unglingar sjá fræga og flotta fólkið í sjónvarpinu hugsa þeir ekki mikið um að þetta fólk er búið að vera í förðun og lagfæringu í sirka 5 klst. Og nú þegar tölvur eru notaðar í auknum mæli eru brjóstin jafnvel stækkuð, vöðvarnir gerðir flottari og fólk grennt og geta látið sig líta út nákvæmlega eins og það vill vera. Okkur finnst vanta frekari umræðu í kringum þetta. Við fáum forvarnafræðslu um að t.d. reykingar séu óhollar en það mætti líka draga upp sterkari mynd af þessu. Alveg eins með fyrirmyndirnar. Það mætti sýna stjörnurnar fyrir förðun og sýna og segja frá hve mikill tími fer í rauninni að vera svona. Að fólk vaknar ekki bara svona fallett einn daginn. Því það sem skiptir fólki mestu máli er að það hafi góða sjálfsmynd og gott sjálfstraust.



## En þá að skólamálanum!

Já. Í 9. og 10. bekk fáum við strax að byrja að velja okkur námsbrautir þar sem við getum lagt meiri áherslu á það sem við viljum læra. Það er mjög góður undirbúningur fyrir nám í framhaldsskóla.

En mikill niðurskurður hefur verið í bæjarfélaginu og þar að auki er peningurinn sem fer í skólann takmarkaður. Í maí næstkomandi eru samræmd próf hjá 10. bekk. Boðið er upp á aukatíma í öllum 6 greinunum. Í fyrra var boðið upp á það frítt en núna þarf aðili sem þyrfti t.d. að leita sér aukakennslu í íslensku og stærðfræði að borga 5500 kr. Ef þú ætlar að taka allar greinarnar er það komið upp í tæpar 15000 kr. og það eru alls ekki allir sem hafa tök á því að borga svo mikla fjárhæð. En skólinn í heild sinni er mjög sterkur og góður skóli og starfsfólk reynir ávallt að koma til móts við nemendurna. Stór og opinn skóli þar sem nánast allir þekkja alla. Við getum að öðru leyti ekki verið annað en ánægð með skólann sem við lítum á sem okkar vinnustað.

## Lokaorð

Lífið er dans á rósum en á rósum eru þynnar sem við verðum að passa okkur á. Þynnarnir tákna ýmislegt t.d. öll tímamótin sem við göngum í gegnum í lífinu. Frá barni upp í ungling, svo fullorðinn og að lokum gamalmenni. Hægt væri að hafa meira jafnvægi á milli þessara mismunandi hópa. Gefa eitthvað gott af okkur og geta tekið á móti góðu. Eins og máltækið segir: "Betra er að gefa en þiggja."



## Þátttakendur á málþinginu:

### Akranes:

Karítas Jónsdóttir,  
Helga Gunnarsdóttir,  
Björn S. Lárusson,  
Guðbjartur Hannesson,  
Karítas Gissurardóttir,  
Friðrika Ýr Einarsdóttir,  
Vésteinn Sveinsson,  
Guðmundur Páll Jónsson,

nemandi Fjölbrautaskóla Vesturlands  
sviðstjóri menningar- og fræðslusviðs  
formaður skólanefndar  
skólastjóri Grundaskóla  
nemandi Grundaskóla  
nemandi Brekkubæjarskóla  
nemandi Brekkubæjarskóla  
formaður bæjarráðs

### Árborg:

Þorvaldur Guðmundsson,  
Erlingur Þór Erlingsson,  
Dóra Kristín Halldórsdóttir,  
Hildur Grímsdóttir,  
Halldóra Markúsdóttir,

bæjarfulltrúi  
8. bekkur  
kennari Vallaskóla  
10. bekkur, formaður nemendaráðs  
10. bekkur, meðstjórnandi í nemendaráði

### Bessastaðahreppur:

Jóhanna Aradóttir,  
Pétur Örn Pétursson,  
Hugrún Ína Högnadóttir,  
Ólafur Ö. Hansen,  
Eyrún Eðvaldsdóttir,  
Kristinn Guðlaugsson,

íþróttá- og tómstundanevnd  
8. bekkur  
8. bekkur  
10. bekkur  
10. bekkur  
íþróttá- og tómstundanevnd

### Fjarðabyggð:

Hákon Guðröðarson,  
Ragna Fanney Hlífarsdóttir,  
Ernir Freyr Guðlaugsson,  
Eva María Þrastardóttir,  
Sigríður Árnadóttir,  
Gunnlaugur Sverrisson,  
Þóroddur Helgason,

nemandi frá Neskaupstað  
nemandi frá Neskaupstað  
nemandi frá Eskifirði  
nemandi frá Reyðarfirði  
æskulýðs- og íþróttáfulltrúi  
forstöðum. fræðslu- og menningarsviðs  
skólastjóri Grunnskólanum Reyðarfirði

**Garðabær:**

Hera Guðmundsdóttir, 9. bekkur Garðaskóla  
Guðrún Arna Sturludóttir, 10. bekkur Garðaskóla  
Sigurrós Á. Gunnarsdóttir, kennari Garðaskóla  
Kristjana Fjöla Sigursteinsd., kennari Garðaskóla

**Mosfellsbær:**

Harpa L. Júníusdóttir, 10. bekkur  
Ragnheiður Gyða Ragnarsd., 10. bekkur  
Klara Sigurðardóttir, formaður umhverfisnefndar  
Unnur V. Ingólfssdóttir, félagsmálastjóri  
Sveinn Ingi Árnason, 7. bekkur  
Sigrún Harðardóttir, 7. bekkur  
Íris Rún Karlsdóttir, 10. bekkur  
Herdís Sigurjónsdóttir, formaður félagsmálanefndar  
Atli Heimisson, 10. bekkur  
Guðrún Helgadóttir, Félagsmiðstöðin Bólið  
Annelise Kaasgaard, stigstjóri eldri deildar Varmárskóla

**Rangárþing eystra:**

Unnar Þ. Böðvarsson, skólastjóri Hvolsskóla  
Sigurður B. Sveinsson, 9. bekkur  
Eyja Þóra Einarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi  
Berglind Hilmarsdóttir, formaður félags- og tómstundaráðs  
Símon Bergur Sigurgeirsson, 8. bekkur  
Sigurborg Rútsdóttir, 9. bekkur  
Bríet Rún Ágústsdóttir, 8. bekkur

**Reykjanesbær:**

Hjördís Árnadóttir, félagsmálastjóri  
Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri  
Kjartan Már Kjartansson, bæjarfulltrúi  
Sveindís Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi  
Bryndís Hjálmarsdóttir, form. nemendaráðs Holtaskóla  
Kristín Helga Magnúsdóttir, form. nemendaráðs Myllubakkaskóla  
Lilja Karen Steinþórsdóttir, form. nemendaráðs Heiðarskóla

### Reykjavík:

Brynhildur Bolladóttir,  
Aríel Pétursson,  
Dóra Sif Ingadóttir,  
Ugla Jóhanna Egilsdóttir,  
María Kristjánsdóttir,  
Soffía Kristín Jónsdóttir,  
Ásgerður Snævarr,  
Berglind Ragnarsdóttir,

Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði  
Reykjavíkurráði

### Aðrir gestir:

Birna Kolbrún Gísladóttir,  
Sesselja Snævarr,  
Ragnheiður Þórarinsdóttir,  
Þór G. Þórarinsson,  
Kristín Þorleifsdóttir,  
Hrönn Þormóðsdóttir,  
Eiríkur Jónsson,  
Anna Sigurðardóttir,  
Rannveig A. Jóhannsdóttir,  
Jóhanna B. Magnúsdóttir,  
Álfheiður Ingadóttir,  
Ingi Kristján Sigurmarsson,  
Halldór Lárusson,  
Svala Rún Sigurðardóttir,  
Soffía Sigurðardóttir,  
Ingvi Hrafn Victorsson,  
Ingibergur Einarsson,  
Elín Birna Vigfúsdóttir  
Kristín Eiríksdóttir,  
Þórdís Erla Sveinsdóttir,

forsætisráðuneyti  
menntamálaráðuneyti  
menntamálaráðuneyti  
félagsmálaráðuneyti  
Heimili og skóli  
Barnaheill  
Kennarasamband Íslands  
Kennaraháskóli Íslands  
Kennaraháskóli Íslands  
Vinstri hreyfingin - grænt framboð  
Vinstri hreyfingin - grænt framboð  
Nemandi  
Framsóknarflokkurinn  
Framsóknarflokkurinn  
Útvarp Suðurland  
Nemandi frá Selfossi  
Nemandi frá Selfossi  
Nemandi frá Sandgerði  
  
Nemandi